Markmið lánasamningsins var að bæta lausafjárstöðu Straums en á sama tíma var gerður samningur um kaup Straums á fjórum dótturfélögum Landsbanka Íslands sem átti að bæta stöðu eiginfjárgrunnns hans. Á þessum tíma var augljós hætt á því að íslenska bankakerfið myndi hrynja. Stefndu, Sigurjóni og Halldóri, var eða mátti vera ljóst að með því að lána þessa peninga án trygginga væri veruleg hætt á því að Landsbanki Íslands yrði fyrir tjóni þar sem Straumur myndi ekki geta endurgreitt lánið.

Lánveitingin var einnig óheimil þar sem skuldbindingar Straums og tengdra aðila voru yfir þeim 25% mörkum sem reglur 30. gr. laga um fjármálaafyrirtæki nr. 161/2002 (hér eftir „fftl.“), reglur Landsbanka Íslands og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar setja. Stefndu, Sigurjón og Halldór, hefðu að auki átt að leggja ákvörðun um lánveitingu af þessum toga fyrir bankaráð þar sem um meiriháttar og óvenjulega ákvörðun var að ræða miðað við aðstæður á fjármálamarkaði á þessum tíma.

2. Yfirtaka Fjármálaeftirlitsins á Landsbanka Íslands hf.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir starfsemi Landsbanka Íslands á grundvelli 100. gr. a. ffl. Í kjölfarið var hluti af eignum og starfsemi bankans færður í nýjan banka, Landsbankann hf. (áður NBI hf.), sem er nú í meirihlutaeigu íslenska ríkisins. Þær eignir sem voru færðar yfir í nýja bankann voru einkum innlendar innstæður og hluti innlendra eigna Landsbanka Íslands. Stærstur hluti eigna og skulda voru áfram í eigu Landsbanka Íslands. Fjármálaeftirlitið skipaði bankanum skilanefnd sem tók við réttindum og skyldum stjórnar og hluthafafundar félagsins þennan sama dag.

Áður en Landsbanki Íslands var yfirtekinn var bankaráð hans skipað þeim Björgólfi Guðmundssyni, formanni, og meðstjórnendunum Kjartani Gunnarsyni, Svöfu Grönfeldt, Þorgeiri Baldurssyni og Andra Sveinssyni (fjármálastjóra

Novator samstæðunnar sem var í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar). Bankaráðið var kjörið á aðalfundi félagsins þann 19. apríl 2008. Varamenn í bankaráðinu voru kjörnir Sigurbór Sigmarsson (framkvæmdastjóri Novator ehf. sem var í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar), Helga Theódórsdóttir (starfsmaður Samson eignarhaldsfélags ehf.), Gunnar Felixson, Helga Jónsdóttir og Þorsteinn Sveinsson. Bankastjórar Landsbanka Íslands voru þeir Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson.

Þann 29. apríl 2009 skipaði héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir Landsbanka Íslands á grundvelli 101. gr. ffl., sbr. lög 44/2009, til þess að annast slit bankans í samræmi við reglur ffl. og lög um gjaldþrotaskipti o.fl. (hér eftir „gpl.“).

3. Eignarhald á Landsbanka Íslands hf.

Allt frá lokum einkavæðingar Landsbanka Íslands og þar til Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi hans var aðaleigandi bankans Samson eignarhaldsfélag ehf. með yfir 40% eignarhlutdeild í bankanum. Eigendur Samson voru upphaflega Björgólfur Thor Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson og Magnús Þorsteinsson. Hinn síðastnefndi seldi hlut sinn í Samson eignarhaldsfélagi á árinu 2005. Eftir að Magnús hvarf frá félaginu áttu þeir feðgar, í gegnum félög undir þeirra yfirráðum, hvor um sig u.þ.b. 50% hlut í Samson eignarhaldsfélagi. Í upphafi árs 2004 var eignarhluti Samson eignarhaldsfélags í Landsbanka Íslands 44% en eignarhluti félagsins minnkaði litillega á næstu árum.

Samkvæmt hluthafaskrá Landsbanka Íslands þann 30. september 2008 átti Samson eignarhaldsfélag 41,85% af hlutafé bankans. Miðað við sama tímamark átti bankinn sjálfur eigin hluti sem námu 4,77% af heildarhlutafé og dótturfélagið Landsbankinn Luxembourg SA 8,07%. Til viðbótar þessu átti Landsbanki Íslands 2,13% eigin hluti sem skráðir voru á reikning LI-Hedge á hluthafaskrá hans. Straumur átti 2,26% hlut í Landsbanka Íslands á þessum tíma. Þá áttu aflandsfélög sem tengdust hvatakerfi starfsmanna og voru undir stjórn bankans samtals 12,8% í bankanum. Samkvæmt þessu höfðu aðaleigendur bankans Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson í raun yfirráð yfir a.m.k. 71,8% af hlutafé bankans þegar þau viðskipti voru gerð sem mál þetta fjallar um.

4. Yfirtaka Fjármálaeftirlits á Straumi og eignarhald.

Fjárfestingafélagið Straumur hf. fékk fjárfestingabankaleyfi árið 2004. Í október 2005 sameinuðust það félag og félagið Burðarás hf. og stofnaður var Straumur-Burðarás fjárfestingabanki hf.

Á aðalfundi Straums sem haldinn var þann 15. apríl 2008 voru skipaðir í stjórn félagsins þeir Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður, og meðstjórnendurnir Birgir Már Ragnarsson (fyrrverandi framkvæmdastjóri Samson eignarhaldsfélags ehf. og starfsmaður Novator sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar), Guðmundur Kristjánsson, Friðrik Hallbjörn Karlsson og Jim Leitner. Varamenn í stjórninni voru Alden Edmonds, Baldur Örn Guðnason, Heiðar Már Guðjónsson (framkvæmdastjóri hjá Novator sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar), Jóhann Páll Símonarson og Þórunn Guðmundsdóttir.

Samkvæmt ársreikningi Straums fyrir árið 2008 var Samson Global Holdings SARL (Samson Global Holdings) stærsti hluthafinn í Straumi með 34,31% hlut. Þá átti Landsbankinn í Lúxemborg 24,28% eignarhlut í Straumi og eigin hlutir Straums voru samtals 4,94% í félaginu, skv. ársskýrslu fyrir árið 2007. Þeir feðgar Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson eða félög undir þeirra yfirráðum áttu hvor um sig u.þ.b. 50% hlut í Samson Global Holdings. Félagið var með skráðar höfuðstöðvar í Lúxemborg. Samkvæmt þessu höfðu

aðaleigendur Straums, Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson, yfirráð yfir a.m.k. 63,53% af hlutafé Straums þegar þau viðskipti voru gerð sem mál þetta fjallar um. Þann 9. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur Straums og skipaði skilanevnd sem tók við stjórn og rekstri félagsins. Þeirri slitameðferð lauk með því að nauðasamningur var samþykktur af kröfuhöfum á fundi þann 13. júlí 2010 og hann staðfestur af héraðsdómi Reykjavíkur þann 18. ágúst 2010. Á framangreindum fundi kröfuhafa var því lýst yfir af umsjónarmanni með nauðasamningsumleitunum að væntanlegar endurheimtur lánardrottna, sem áttu samningskröfur, yrðu að líkindum, og í fyllingu tímans, nálægt 47% og byggðist sú áætlun á mati endurskoðunarfyrirtækisins KPMG í London. Kröfur stefnanda á Straum vegna þeirra greiðslna sem inntar voru af hendi skv. lánasamningnum frá 30. september 2008 nutu stöðu sem almennar kröfur skv. nauðasamningnum og voru því samningskröfur. Heildarfjárhæð samþykktra krafna stefnanda við nauðasamningsumleitarnar var kr. 39.305.555.266. Hluti af kröfum stefnanda á hendur Straumi var seldur þann 22. júlí 2010 til þriðja aðila fyrir milligöngu alþjóðlega fjárfestingabankans J.P. Morgan. Söluverð krafanna nam 39,2% af fjárhæð krafanna eins og þær voru samþykktar við nauðasamningsumleitarnar.

5. Stórar útlánaáættur Landsbankans.

Í 7. gr. reglna Landsbanka Íslands um stórar áhættuskuldbindingar kemur skýrlega fram að áhættuskuldbindingar vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslegra tengdra aðila skuli nema að hámarki 20% af eiginfjárgrunni en geti farið uppí 25% ef aðili er í besta áhættuflokki. Reglur bankans voru settar á grundvelli reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 216 frá árinu 2007 og ákvæða 30. gr. ffl. sem banna að lán til innbyrðis tengdra aðila fari yfir 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis.

Ef áhrif lánasamningsins og kaupsamningsins um dótturfélögin frá 30. september 2008 eru lögð við útreikning á eiginfjárgrunni og áhættuskuldbindingar Straums við Landsbanka Íslands, og eldri skuldbindingar uppreiknaðar til 30. september 2008, fóru áhættuskuldbindingar Straums og tengdra aðila yfir 25% af eiginfjárgrunni Landsbanka Íslands, sjá hér dómskjal nr. 37. Auk þess var eiginfjárlutfall bankans undir lögmætum mörkum þegar tillit hafði verið tekið til þessara breytinga í uppgjördrögum fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008 og eiginfjárgrunnur lækkaður vegna eigin hlutabréfa í svokölluðum aflandsfélögum og á LI hedge reikningi. Miðað við skýrslu Landsbanka Íslands um stórar áhættuskuldbindingar frá 30. júní 2008 voru áhættu-skuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar 20,76% og Björgólfs Guðmundssonar 9,43%. Þá eru ótalin önnur félög sem þeir feðgar áttu verulega hagsmuni í t.d. Straumur, H.f. Eimskipafélag Íslands (hér eftir Eimskip) og Icelandic Group hf. og eðlilegt hefði verið að fella undir áhættu gagnvart feðgunum.

Við útreikninga Landsbanka Íslands á stórum áhættuskuldbindingum höfðu þeir feðgar ekki verið tengdir saman sem fjárhagslega tengdir aðilar. Helstu eignir þeirra feðga voru sameiginlegur ráðandi eignarhlutur í Landsbanka Íslands í gegnum Samson eignarhaldsfélag og sameiginlegur ráðandi eignarhlutur í Straumi í gegnum félagið Samson Global Holding. Þá áttu þeir feðgar saman Fjárfestingarfélagið Gretti m.a. í gegnum eignarhald Samson eignarhaldsfélags á Opera fjárfestingum ehf. Til viðbótar þessum eignum höfðu þeir feðgar sameiginlega fjárfest í ýmsum öðrum verkefnum í gegnum tíðina eins og t.d. Actavis Group og símafélögum í Austur-Evrópu o.fl. Þá voru feðgarnir og félög tengd þeim stórir skuldarar bæði hjá Landsbanka Íslands og Straumi.

Landsbanki Íslands fjármagnaði t.d. verkefni sem tengdust þeim feðgum með því að lána Straumi fjármuni sem síðan voru endurlánaðir (s.k. „back to back“ fjármögnun, sbr. dóma í Hæstaréttarmálunum Landsbanki Íslands gegn Straumi-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. nr. 184/2010, sem kveðin var upp þann 2. júní 2010 og ALMC hf. gegn Landsbanka Íslands hf. nr. 77/2011 sem kveðinn var upp þann 23. maí 2011).

Fyrir liggur að Samson eignarhaldsfélag tók í septembermánuði 2008 yfir kröfu Landsbanka Íslands á hendur Jointrace Ltd. (sem átti XL Leisure Group Ltd.) sem var að fjárhæð u.þ.b. kr. 27.000.000.000 en sú skuldbinding Jointrace Ltd. var með ábyrgð Eimskipa. Fjárfestingarfélagið Gretti, sem var í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar, var stærsti hluthafinn í Eimskipum á þeim tíma. Með þessari aðgerð létti sameiginlegt félag þeirra feðga skuldbindingu af félagi sem var að stórum hluta í eigu þeirra í gegnum Fjárfestingarfélagið Gretti. Þá liggur fyrir að Björgólfur Thor Björgólfsson gaf út ábyrgð þann 30. september 2008 í nafni Givenshire Equities S.á.r.l. (sem átti hluti hans í Samson eignarhaldsfélagi ehf.) til tryggingar skuldbindingum Björgólfs Guðmundssonar og Fjárfestingarfélagsins Grettis við Landsbanka Íslands. Samkvæmt þessu liggur fyrir að þeir feðgar höfðu sameiginlega hagsmuni í Fjárfestingarfélaginu Gretti, Eimskipum og Icelandic Group.

Í aprílmánuði 2005 hóf Fjármálaeftirlitið könnun á áhættumati hjá Landsbanka Íslands. Niðurstöður þessarar könnunar sendi Fjármálaeftirlitið til bankans með bréfi dags. 22. mars 2007. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við það hvernig bankinn túlkaði reglur um tengda aðila. Fram kemur í skýrslunni að áhættuskuldbindingar tengdar Björgólfi Thor Björgólfssyni hafi verið u.þ.b. 50% á þeim tíma sem úttektin fór fram og því langt yfir þeim 25% mörkum sem lögin heimila. Taldi Fjármálaeftirlitið að tengja bæri Actavis Group hf. við Björgólf Thor Björgólfsson þar sem hann átti 38,84% hluti í því félagi beint og að tengdir aðilar eins og Landsbanki Íslands og Burðarás hf. héldu á 8,5% hlut. Þá var á það bent að Björgólfur Thor væri stjórnarformaður og hefði raunveruleg yfirráð yfir félaginu. Þrátt fyrir þessar athugasemdir hélt Landsbanki Íslands uppteknum hætti og tengdi þessa aðila ekki saman í skýrslum um stórar áhættur. Áfram voru áhættuskuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar og Actavis Group hf. langt yfir 25% mörkunum.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi aðra athugun á útlánaáættu Landsbanka Íslands í septembermánuði 2007. Í framhaldi af athugininni, eða þann 20. febrúar 2008, sendi Fjármálaeftirlitið skýrslu með niðurstöðum úr athugininni til Landsbanka Íslands. Í kafla 3.4 í skýrslunni er fjallað um stórar áhættuskuldbindingar bankans. Á bls. 17 í skýrslunni koma fram athugasemdir við reglur bankans um stórar áhættur. Í umfjöllun skýrslunnar um stórar áhættuskuldbindingar á bls. 17 og 18 segir að í skýrslugjöf bankans hafi útlánaáættur sem tengdust Björgólfi Thor Björgólfssyni verið vantaldar þrátt fyrir athugasemdir Fjármálaeftirlitsins á árinu 2007. Fram kemur í skýrslunni að hækka beri áhættuskuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar og tengdra aðila úr 16,1% í 42,1% af eiginfjárgrunni bankans. Segir í skýrslunni að þessi áhætta sé „langt fram yfir leyfilegt hámark“.

Landsbanki Íslands hafði sett sérstakar reglur um stórar áhættuskuldbindingar sem voru, skv. 1. gr. reglnanna, til fyllingar reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, sjá hér dómskjal nr. 50. Í 6. gr. reglnanna er að finna skilgreiningu á fjárhagslega tengdum aðilum og þær viðmiðarnir sem leggja ber til grundvallar við mat á því hvort aðilar teljist tengdir í þessum skilningi. Ljóst er að skv. þessum viðmiðunum átti að tengja þá

feðga og þau félög sem þeim tengdust þ.m.t. Straum sem sameiginlega áhættu. Samkvæmt reglunum átti, við mat á því hvort fjárhagslegir erfiðleikar eins aðila geti leitt til greiðsluferleika annars, meðal annars að horfa til eftirfarandi atriða:

„c) Hvort félög hafi sama eignarhald, sameiginlega stjórn eða framkvæmdastjórn með beinum eða óbeinum hætti.

d) Hvort viðskiptamenn séu í verulegum ábyrgðum og/eða gagnábyrgðum við aðra viðskiptamenn.

e) Hvort mikil viðskipti eða gagnkvæmt viðskiptasamband sé til staðar þannig að viðskiptamenn teljast verulega háðir hvor/hverjum öðrum og tengslin verða ekki slitin með skjótum hætti, eða þannig að verulegt tjón hljóti af.“.

Fram kemur í reglunum að líta þurfi til fjölskyldutengsla við mat á fjárhagslegum tengingum. Þá kemur fram í reglunum að við mat á fjárhagslegum tengslum skuli „gæta varfærnis- og áhættustýringarsjónarmiða“.

Ljóst er að vegna sameiginlegs eignarhalds á Landsbanka Íslands og Straumi og fjölskyldutengsla voru verulegar líkur á því að fjárhagserfiðleikar annars feðganna myndu leiða til fjárhagserfiðleika hins. Þetta lá skýrt fyrir þann 30. september 2008 enda hafði sameiginlegt félag þeirra yfirtekið ábyrgð Eimskipa og Björgólfur Thor Björgólfsson í raun lagt eignarhlut sinn í Samson eignarhaldsfélagi ehf. til tryggingar skuldbindingum Fjárfestingafélagsins Grettis sem var í eigu þeirra feðga. Feðgarnir urðu báðir ógjaldfærir við hrun íslensku bankanna. Bú Björgólfs Guðmundssonar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta og Björgólfur Thor Björgólfsson hefur gert samninga sem hafa að markmiði skuldauppgjör við lánardrottna hans og félaga í hans eigu.

Þá liggur fyrir að tengsl Björgólfs Thors Björgólfssonar við Straum voru með svipuðum hætti og tengsl hans voru við Actavis Group hf. Hann réði yfir ráðandi hlut í Straumi ásamt föður sínum auk þess sem hann var stjórnarformaður Straums. Eins og áður sagði hafði Fjármálaeftirlitið, í skýrslu sinni frá því þann 20. febrúar 2008, gert harðorðar athugasemdir við að Landsbanki Íslands hafi ekki tengt Actavis Group við áhættu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

6. Útlánareglur Landsbanka Íslands hf.

Í ágúst mánuði 2008 voru settar nýjar útlánareglur fyrir Landsbanka Íslands, sjá hér dómsskjal nr. 49, sem leystu af hólmi eldri útlánareglur frá nóvember 2003, sjá hér dómsskjal nr. 48. Hinar nýju reglur voru í helstu efnisatriðum í samræmi við eldri reglurnar og þá framkvæmd sem hafði verið innan bankans. Í inngangsorðum nýju reglnanna segir að þeim sé ætlað að setja meginreglur um öll útlán til viðskiptamanna. Í reglunum segir að bankaráðið hafi falið bankastjórn að setja ítarlegar reglur um áhættu- og útlánamál bankans, sjá hér greinar 1.1 og 1.2. í nýju útlánareglunum.

Í 25. gr. hinna nýju reglna eru hlutverk og ábyrgðarsvið einstakra stjórnareininga innan bankans vegna útlána- og áhættumats ítarlega skilgreind.

Samkvæmt grein 25.1 í reglunum bar bankaráð „ábyrgð á stefnumörkun á áhættu- og útlánareglum bankans. Bankaráðið staðfestir tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans, þ.m.t. áhættustýringar og hefur með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans. Ráðið tekur einnig ákvarðanir um meiriháttar lánveitingar til bankaráðsmanna eða fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir.“

Hlutverk bankastjórnar var skv. grein 25.2 í reglunum þrjúþætt:

1. Að bera ábyrgð á daglegum rekstri og sjá um að bankinn væri rekinn í samræmi við lög og reglur svo og ákvarðanir og samþykktir bankaráðs.

2. Ákveða stjórnskipulag bankans, þ.m.t. við áhættustjórnun og

lánveitingar og nota vettvang lánanefndar til ákvarðanatöku um mál sem varða útlánaáhættu og lánamál.

3. Setja ítarlegar áhættureglur til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika samstæðunnar. Til að aðstoða við þetta verkefni skyldi bankastjórn skipa sérstaka áhættunefnd.

Lánanefnd var æðsta vald í útlánamálum bankans skv. grein 25.3 í reglunum og ákvað útlánaheimildir starfsmanna á fyrirtækjasviði og útibússtjóra. Lánanefndina skipuðu bankastjórnarnir Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, Sigríður Elín Sigfúsdóttir. Fundi nefndarinnar sátu að auki ýmsir aðilar á fyrirtækjasviði sem komu að útlánamálum. Samkvæmt ákvæði greinar 25.3 í reglunum var hlutverk nefndarinnar þrjúþætt:

1. Að taka ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir annarra aðila innan bankans.

2. Að veita tilteknum aðilum innan bankans útlánaheimildir.

3. Að hafa eftirlit með stærstu áhættum í samstæðu bankans.

Lánanefndinni bar að fjalla reglulega um stöðu og þróun útlána, meta áhættustig útlánasafnsins og taka ákvarðanir og setja viðmið um áhættustig.

Í reglunum er hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra innan bankans, starfsmanna fyrirtækjasviðs og umsjónarmanna fyrirtækja (viðskiptastjóra) einnig skilgreind. Samkvæmt grein 2.6 í reglunum byggir útlánakerfið á þeirri meginhugsun að útlánavald og ábyrgð fari saman. Þeir starfsmenn sem hafa beinar útlánaheimildir bera ábyrgð á því að vinnubrögð við lánveitingar séu í samræmi við útlánamarkmið og útlánareglur bankans á hverjum tíma. Því meiri sem áhættan er því hærri þarf að sækja útlánaheimild og fleiri aðilar koma að ákvarðanatökunni auk þess sem vanda ber áhættumat og undirbúning betur í þeim tilvikum. Í útlánareglunum er að finna ítarlegar reglur um undirbúning, framkvæmd, tryggingar og ákvarðanatöku útlána bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Í reglunum eru tilteknum aðilum veittar heimildir til útlána. Sú lánveiting sem er til umfjöllunar í dómsmáli þessu er yfir þeim heimildum og því á ábyrgðarsviði lánanefndar eða bankaráðs.

Í 16. grein útlánareglanna er fjallað nánar um lánanefndina. Þar kemur m.a. fram að nefndin skuli að jafnaði funda vikulega. Skv. grein 16.3 í reglunum þarf samþykki beggja bankastjóra fyrir samþykktum og fundagerðum lánanefndar. Í fjarveru annars bankastjórans undirrita staðgengill bankastjóra og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs samþykktir og fundagerðir. Í fjarveru annars bankastjórans og staðgengils undirrita bankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs framangreind skjöl. Í grein 16.4 í útlánareglunum er tekið fram að heimilt sé að samþykkja lánveitingar á milli funda og að þá gildi sömu undirskriftarreglur og á fundum nefndarinnar. Þá eru framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs veittar tilteknar heimildir til útlánaákvæðana utan funda. Í greininni kemur einnig fram að ákvarðanir sem teknar eru á milli funda skuli staðfestar á næsta fundi lánanefndar.

Vakin er athygli á að í 17. gr. útlánareglanna eru ítarlegar reglur um það hvernig standa beri að afgreiðslu á umsóknum um lán auk þess sem settar voru ýmsar verklagsreglur í bankanum um framkvæmd lánveitinga.

7. Starfsreglur bankaráðs.

Um verkaskiptingu á milli bankaráðs og bankastjóra fer skv. hfl., sbr. ákvæði 54. gr. ffl. Til fyllingar þeim reglum gilda starfsreglur sem bankaráð (félagstjórn) setur skv. 5. mgr. 70. gr. hfl.

Bankaráð Landsbanka Íslands setti sér starfsreglur þann 29. júlí 2004 sem síðast var breytt á fundi bankaráðs þann 25. janúar 2007. Í reglunum eru settar fram ítarlegar reglur og viðmið um starfsemi bankaráðsins. Rétt er að vekja athygli á nokkrum

atriðum í starfsreglunum.

Skv. 9. grein í reglum bankaráðsins er hlutverk þess tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur það umsjónar- og eftirlitshlutverk með starfsemi bankans og að hann starfi skv. lögum, reglum og samþykktum, sbr. gr. 9.1. Í öðru lagi tekur bankaráðið ákvarðanir um óvenjulegar og mikilsháttar ráðstafanir, sbr. gr. 9.2.

Samkvæmt grein 2.2. í reglunum skulu erindi bankastjórnar sett fram með minnisblaði þar sem fram kemur tillaga hennar um ákvörðun í málinu. Fjallað er ítarlega um hagsmunatengsl í grein 7 í reglunum. Þar kemur fram að bankaráðsmenn megi ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhluta í, sitja í stjórn, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Í grein 7.5 í reglunum kemur fram að bankaráð taki ákvarðanir um öll viðskiptaerindi bankaráðsmanna eða fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir ef heildaráhættan er yfir ákveðnum mörkum. Ef viðskiptaerindi þessara aðila eru flókin og umfangsmikil en undir fjárhæðarmörkum skal einnig leggja þau fyrir bankaráðið.

Samkvæmt grein 8.1. í reglunum þarf atbeina beggja bankastjóra til að nýta heimildir eða taka ákvarðanir sem bankastjórn er ábyrg fyrir eða tekur ákvörðun um. Óvenjulegar og mikilsháttar ráðstafanir eru ekki á valdsviði bankastjórnar heldur bankaráðs skv. grein 8.2. og 9.2. í reglunum. Undir slíkar ákvarðanir falla skv. lið 10 í grein 9.2. kaup og sala eignarhluta í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum. Þá er að finna í 12. gr. reglnanna ítarlega upptalningu á þeim upplýsingum sem bankastjórn átti að leggja fyrir bankaráð með reglubundnum hætti.

Bankaráð Landsbanka Íslands setti að auki „Almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs Landsbankans Íslands hf.“ sjá hér dómsskjal nr. 51. Í reglunum kemur fram að bankastjórn beri ábyrgð gagnvart bankaráði á útlánnum bankans og ábyrgðum svo og öðrum áhættuþáttum. Þar kemur einnig fram að bankastjórnar skuli setja ítarlegar útlánreglur um framkvæmd lánveitinga og ábyrgða.

Bankastjórnar eru framkvæmdastjórnar bankans skv. lögum um hlutafélög nr. 2/1995 (hér eftir „hfl“) og bera þeir ábyrgð á daglegum rekstri bankans skv. 68. gr. hfl. Þá ber þeim að fylgja stefnu stjórnar og fyrirmælum. Samkvæmt þessu bera bankastjórnar ábyrgð á útlánnum bankans og að skipulag og eftirlit með útlánastarfseminni sé í lagi. Bankastjórnar fara með ákvörðunarvald sameiginlega skv. starfsreglum bankaráðs og ber að leggja fyrir bankaráð þau málefni sem bankaráðið þarf að taka ákvarðanir um. Bankastjórnar eru ábyrgir fyrir því að leggja fyrir bankaráðið erindi um lánveitingar til bankaráðsmanna og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir.

8. Erfiðleikar á fjármálamarkaði árið 2008.

Upp úr miðju ári 2007 hófst lausafjárekppa á fjármálamörkuðum í heiminum. Upphaf þessarar kreppu má rekja til þess að svokölluð undirmáslán til fasteignakaupa í Bandaríkjunum voru talin mun minna virði en áður hafði verið talið. Á árinu 2008 fór ástandið á erlendum og íslenskum fjármálamörkuðum versnandi og var staða Landsbanka Íslands og flestra annarra íslenskra fjármálafyrirtækja orðin mjög alvarleg sökum hinnar alþjóðlegu lausafjárekppu.

Vegna þessara erfiðleika á fjármálamörkuðum var tekin sú ákvörðun hjá Landsbanka Íslands á haustmánuðum 2007 að draga úr útlánnum eins og unnt væri og veita ekki ný lán nema nauðsynlegt væri til þess að bjarga hagsmunum bankans.

Í kjölfar falls bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers þann 15. september 2008 jókst vantraust á milli fjármálafyrirtækja í heiminum. Áhrifin urðu þau að lán þeirra á

milli og útlán stöðvuðust að mestu leyti.

Frá júlímánuði 2008 höfðu átt sér stað viðræður milli Landsbanka Íslands og breska fjármálaeftirlitsins um skipulag á Icesave reikningum bankans í Bretlandi. Í viðræðunum hafði breska fjármálaeftirlitið gert ýmsar kröfur um úrbætur um fyrirkomulag á Icesave reikningum gagnvart bankanum. Eftir allnokkrar viðræður eða þann 25. september 2008 sendi breska fjármálaeftirlitið bréf til Landsbanka Íslands þar sem þess var krafist að bankinn bætti úr ítrekuðum brotum á reglum um lausafé skv. kröfum breska fjármálaeftirlitsins.

Þann 29. september 2008 var tilkynnt að ríkisstjórn Íslands og helstu hluthafar Glitnis banka hf. hefðu gert með sér samning um yfirtöku ríkisins á 75% af hlutafé bankans. Með aðgerðinni var reynt að mæta lausafjárbörf Glitnis banka þar sem allar leiðir fyrir lánsfjárfloflun íslensku bankanna voru lokaðar. Aðgerðin hafði í för með sér að virði eignarhluta annarra hluthafa í Glitni banka rýrnaði verulega frá skráðu markaðsvirði. Stærsti eigandi Glitnis banka, FL Group hf., og félög í eigu fleiri tengdra aðila eins og Baugur Group hf., voru stórir lántakendur hjá Landsbanka Íslands. Á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands þann 29. september 2008 var bókað að ákvörðun ríkisins hafi haft neikvæð áhrif á eigið fé bankans. Samkvæmt bréfi Landsbanka Íslands til Fjármálaeftirlitsins dags. 2. október 2008 var talið að neikvæðu áhrifin á eigið fé bankans gæti numið allt að 40 milljörðum. Í bréfinu er tekið fram að ekki liggi fyrir afkoma bankans þann 30. september 2008, en eins og rakið er hér á eftir hafði safnast upp mikil afskriftarþörf á árinu 2008 vegna útlána til ýmissa aðila sem ekki hafði verið tekið tillit til. Á þessum tímapunkti lá því fyrir að Landsbanki Íslands uppfyllti ekki kröfur sem til hans voru gerðar um stöðu eiginfjárgrunns. Á bankaráðsfundinum er bókað að leita þyrfti allra skynsamlegra leiða til þess að treysta og styrkja eiginfjárstöðu bankans.

Auk þess áfalls sem eiginfjárgrunnur bankans varð fyrir vegna yfirtöku ríkisins á Glitni banka hafði bankinn orðið fyrir umtalsverðum áföllum vegna hinnar langvarandi fjármálakreppu. Mikil afskriftarþörf hafði byggst upp m.a. annars vegna félaga tengdum formanni bankaráðsins, þ.e. Fjárfestingarfélaginu Gretti, Eimskipa og Icelandic Group. Í skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar hjá slitastjórn var áætlað að það þyrfti að leggja 80-90 milljarða króna á afskriftarreikning í uppgjöri bankans þann 30. september 2008.

Þá höfðu hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. sem bankinn hafði yfirráð yfir, t.d. hjá LI Hedge og aflandsfélögum sem héldu á hlutum vegna hvatakerfis, ekki verið dregnir frá eiginfjárgrunni bankans í uppgjörum. Ljóst var af þessu að staða bankans var mjög veik í lok september 2008.

9. Kröfur breska fjármálaeftirlitsins vegna Icesave reikninga.

Á árinu 2008 áttu sér stað talsverð samskipti milli breska fjármálaeftirlitsins og Landsbanka Íslands vegna stöðu svokallaðra Icesave reikninga í Bretlandi. Nánar tiltekið var um að ræða bankareikninga sem boðnir voru í Bretlandi í gegnum útibú bankans þar. Breska fjármálaeftirlitið taldi að vegna óstöðugleika íslenska efnahagskerfisins, og sérstaklega íslensku bankanna, að nauðsynlegt væri að gripa til aðgerða til að tryggja hagsmunum innstæðueigenda í Bretlandi. Helstu aðgerðirnar voru þessar: Í fyrsta lagi taldi breska fjármálaeftirlitið að Landsbankinn uppfyllti ekki nauðsynlegar kröfur um laust fé sem væri eingöngu ætlað til að mæta útborgunum á Icesave innstæðum. Gerði eftirlitið kröfu um að þessi varasjóður yrði hækkaður fyrst í 10% og síðar í 20% af fjárhæð innlána sem ekki voru bundin til tiltekins tíma (óbundnar innstæður). Í öðru lagi gerði eftirlitið kröfu um að dregið yrði úr hlutfalli óbundinna innstæðna og að

markaðssetningu á þeim reikningum yrði hætt. Í þriðja lagi gerði eftirlitið kröfu um að starfsemi Icesave reikninga yrðu færð úr útibúi bankans til dótturfélags þess Heritable bank Ltd. eða í annað breskt félag.

Samskipti aðila um þessar atriði hófust í júlímánuði 2008 og stóðu fram að falli bankans. Í bréfi breska fjármálaeftirlitsins dags. 15. ágúst 2008 er lýst yfir að innstæðueigendur í Bretlandi séu í hættu m.a. vegna efnahagsaðstæðna á Íslandi. Taldi eftirlitið að bankinn uppfyllti ekki kröfur um varasjóð til að mæta úttektum af Icesave reikningum. Í bréfinu eru settar fram áðurgreindar kröfur m.a. um hækkun varasjóðsins og að dregið yrði úr markaðssetningu og umfangi Icesave reikninga. Þá er tekið fram í bréfinu að ef bankinn mæti ekki þessum kröfum fyrir lok ágústmánaðar þá muni eftirlitið íhuga að beita heimildum sínum skv. lögum til að knýja fram þessar kröfur. Eftir nokkur samskipti aðila í septembermánuði tilkynnti breska fjármálaeftirlitið bankanum þau sjónarmið að hann uppfyllti ekki kröfur um fjárhæð varsjóðs fyrir Icesave reikninga. Þann 3. september 2008 tilkynnti breska fjármálaeftirlitið að formleg ákvörðun hafi verið tekin um að bankinn uppfyllti ekki kröfur laga um nægjanlegan varasjóð og var formlega skorað á bankann að leysa úr því broti eigi síðar en þann 6. október 2008. Bankanum tókst ekki að verða við þessum kröfum og m.a. vegna ógjaldfærni bankans af þessum sökum, tók íslenska fjármálaeftirlitið bankann yfir.

10. Samningur um lánveitingu og kaup á dótturfélögum.

Í ljósi þessara fjárhagserfðileika Landsbanka Íslands áttu sér stað viðræður á milli bankastjóra Landsbanka Íslands og stjórnenda Straums um kaup Straums á fjórum dótturfélögum stefnanda og lánveitingu stefnanda til Straums. Af hálfu Straums tóku þátt í viðræðunum William Fall bankastjóri og Óttar Pálsson framkvæmdastjóri. Þá komu að viðræðunum Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður Straums, sem var, ásamt föður sínum Björgólfi Guðmundssyni, bankaráðsformanni stefnanda, aðaleigandi bæði stefnanda og Straums. Með Björgólfi í viðræðunum voru Andri Sveinsson og Birgir Már Ragnarsson starfsmenn Novators, sem er fyrirtæki í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Viðræður þessar áttu sér þann aðdraganda að lengi hafði verið rætt um þann möguleika að sameina Straum við Landsbanka Íslands. Meðal annars hafði verið leitað eftir álitum frá alþjóðlegu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch um hvaða áhrif slík sameining hefði á lánshæfi hins sameinaða fyrirtækis. Hvatinn að sameiningarhugmyndunum var sú að Landsbanki Íslands gæti nýtt sér mikið eigið fé Straums og Straumur myndi geta leyst úr lausafjáranda sínum með aðgengi að fjármunum frá Landsbanka Íslands. Í minnisblaði sem Sigurjón Þ. Árnason sendi Björgólfi Thor Björgólfssyni og Andra Sveinssyni dagana 16. og 17. september 2008 kemur fram sú hugmynd að ein leiðin til að ná framangreindum markmiðum aðila væri að Straumur myndi kaupa fjögur dótturfélög af Landsbanka Íslands. Hugmyndin var sett fram í því skyni að skapa svigrúm fyrir bankana til þess að leysa vandamál sem upp voru komin vegna mikilla kaupa á eigin bréfum.

Að kvöldi 30. september 2008, kl. 23:05, var boðaður annar fundur í bankaráði Landsbanka Íslands. Á fundinum voru mættir bankaráðsmennirnir Björgólfur Guðmundsson formaður, Kjartan Gunnarsson varaformaður, Andri Sveinsson og Þorgeir Baldursson (í gegnum síma) ásamt bankastjórunum Halldóri J. Kristjánssyni og Sigurjóni Þ. Árnasyni. Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar, var einnig mættur til fundarins og ritaði hann fundargerð. Svafa Grönfeldt bankaráðsmaður var fjarverandi.

Á fundinum kynnti Sigurjón Þ. Árnason fyrirætlanir um að selja

fjögur dótturfélög Landsbanka Íslands til Straums. Dótturfélögin voru Merriion Capital Group Limited (höfuðstöðvar í Írlandi), Landsbanki Securities (UK) Limited (höfuðstöðvar í Bretlandi), Kepler Landsbanki (höfuðstöðvar í Frakklandi) og LB Kepler Holding (höfuðstöðvar í Swiss). Ástæðan fyrir söluinni var tilgreind sú að bankinn hafi orðið fyrir tjóni vegna yfirtöku ríkisins á 75% af hlutafé í Glitni og að vegna þessarar aðgerðar hafi gengið verulega á eigið fé bankans. Í fundargerðinni kemur fram að salan myndi hafa svipuð áhrif á efnahagsreikning bankans og hlutafjárhækkun. Í fundargerðinni segir að eignirnar yrðu seldar á u.þ.b. bókfærðu verði. Þá kom jafnframt fram að kaupverðið yrði greitt með láni til Straums að hluta og að hluta með því að Straumur framseldi lánasafn í sinni eigu til Landsbanka Íslands. Þá kom einnig fram að í tengslum við kaupin myndi Landsbanki Íslands lána Straumi skuldabréf til endurhverfra viðskipta við Seðlabanka Íslands. Fram hefur komið að ætlunin hafi verið að lána Straumi skuldabréf sem Landsbanki Íslands átti á hendur Kaupþingi. Bankaráðið samþykkti tillöguna með öllum greiddum atkvæðum. Bókað var að einn bankaráðsmanna, Svafa Grönfeldt, hafi verið fjarverandi en að henni hafi verið kynnt málið fyrr um daginn og hún hvatt til þess.

Daginn eftir bankaráðsfundinn, þ.e. þann 1. október 2008, skrifuðu Landsbanki Íslands og Straumur undir kaupsamning um framangreind félög (samningurinn er samt dagsettur 30. september). Samkvæmt honum skuldbatt Straumur sig til að kaupa fyrrnefnd dótturfélög af Landsbanka Íslands fyrir EUR 380.000.000. Kaupverðið átti að greiðast með vikjandi lánunum að fjárhæð EUR 230.000.000, með framsali Straums á tilteknu lánasafni til Landsbanka Íslands að andvirði EUR 100.000.000 og með EUR 50.000.000 í reiðufé. Gildi samningsins var háð skilyrði um samþykki fjármálaeftirlita á starfstöðvum dótturfélaganna. Undir samninginn skrifuðu Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson fyrir hönd Landsbanka Íslands og William Fall og Óttar Pálsson fyrir hönd Straums. Þar sem stefnanda var skipað skilaneftir þann 7. október 2008 var ekki unnt að uppfylla framangreind skilyrði og tók samningurinn því ekki gildi. Raunar lýsti Straumur yfir riftun á samningnum þann 10. október 2008 af framangreindum ástæðum.

Samhliða kaupsamningnum var gerður annar samningur um lánveitingar Landsbanka Íslands til Straums. Samningurinn er einnig dagsettur 30. september 2008. Í samningnum kemur fram að Landsbanki Íslands skuldbindur sig til að lána Straumi:

A) Skuldabréf útgefin af Kaupþingi að nafnvirði EUR 310.000.000 sem hægt væri að nota í endurhverf verðbréfavíðskipti við Seðlabanka Íslands fyrir EUR 250.000.000 eða jafnvirði þessa í reiðufé í íslenskum krónum.

B) Lán að fjárhæð EUR 80.000.000 til 364 daga, í þeim tilgangi að veita Straumi og dótturfélögum þess hreint veltufé (e. working capital).

C) Lán að fjárhæð EUR 50.000.000 til 364 daga, til þess að fjármagna hluta af kaupum Straums á dótturfélögum Landsbanka Íslands.

Í 2. gr. samningsins var tekið fram að skilmálar lánanna skyldu útlistaðir nánar í sérstökum samningum og að báðir aðilar þyrftu að samþykkja efni þeirra samninga og nánari skilmála. Gert var ráð fyrir að samningarnir yrðu á sanngjörnum markaðskjörum. Frekari samningar voru ekki gerðir á grundvelli þessa lánasamnings ef undan er skilin staðfesting vegna skammtíma peningamarkaðs-innláns þegar 19 milljarða greiðslan var innt af hendi þann 2. október 2008.

Samkvæmt upplýsingum frá bankastjórum Landsbanka Íslands var lánasamningurinn gerður í tengslum við samninginn um

sölu á dótturfélögunum. Salan á dótturfélögunum átti að bæta eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands en lánasamningurinn átti að bæta úr lausafjástöðu Straums. Þetta var staðfest í skýrslum bankastjóra Landsbanka Íslands hjá slitastjórn stefnanda. Hvorki efni kaupsamningsins né lánasamningsins gera hins vegar ráð fyrir tengingum á milli samninganna með þeim hætti að skuldbindingargildi annars þeirra sé háð gildi hins. Undir lánasamninginn skrifuðu Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson fyrir hönd Landsbanka Íslands og William Fall og Óttar Pálsson fyrir hönd Straums.

Stefndu, Sigurjón og Halldór, hafa upplýst við skýrslugjöf hjá slitastjórn stefnanda að þeir hafi talið að ákvörðun um lánveitingar til Straums hafi ekki heyrt undir bankaráð bankans þótt um væri að ræða aðila sem væri tengdur formanni bankaráðs og bankaráðsmanninum Andra Sveinssyni. Þrátt fyrir að lánveitingin væri meiriháttar og óvenjuleg í ljósi aðstæðna töldu bankastjórnir ekki tilefni til að bera ákvörðun um lánveitinguna undir bankaráðið.

Fyrir liggur að skv. beiðni Straums voru greiddar samkvæmt lánasamningnum kr. 19.000.000.000 þann 2. október 2010.

Til viðbótar við þessa fjármagnsflutninga greiddi Landsbanki Íslands kr. 7.200.000.000 til Straums eftir lokun bankans þann 6. október 2008. Greiðslan var innt af hendi þótt stjórnendum bankans hafi verið ljóst að bankinn var á þeim tíma ógjaldfær. Þá lánaði Landsbanki Íslands Straumi kr. 1.000.000.000 þann 1. október 2008. Samtals voru Straumi því greiddar kr. 27.200.000.000 á síðustu dögnum fyrir fall Landsbanka Íslands.

Með þessum tveimur samningum, sem gerðir voru í tengslum við sölu á dótturfélögunum, jukust áhættuskuldbindingar Straums við Landsbanka Íslands um 610 milljónir evra eða kr. 93.622.800.000 (miðað við sölugengi Seðlabanka Íslands á evru þann 1. október 2008). Á sama tíma hafði eigið fé Landsbanka Íslands rýrnað umtalsvert vegna tapsáhættu í útlánasafni félagsins m.a. vegna áhrifa af yfirtöku Glitnis. Þá hafði bankinn keypt umtalsvert magn af eigin hlutabréfum frá falli bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers.

Að sögn fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands átti sala dótturfélaganna að leiða til þess að viðskiptavild í reikningum bankans vegna dótturfélaganna, sem dregin er frá við útreikning á eiginfjárgrunni, myndi minnka og breytast í vikið lán á hendur Straumi. Þessi aðgerð átti að bæta eiginfjárgrunn bankans. Samkvæmt 1. mgr. 85. gr. ffl. ber að draga vikið lán á hendur fjármálafyrirtækjum að tilteknu marki frá eiginfjárgrunni eins og hann er reiknaður skv. 4. mgr. 84. gr. laganna. Samkvæmt þessu náðu samningarnir ekki að laga eiginfjárgrunn stefnanda eins og að var stefnt. Eiginfjárstaða Landsbanka Íslands var eftir sem áður veik. Kaupin leiddu hins vegar til þess að eigið fé Straums batnaði og lausafjárstaða þess félags var löguð verulega. Raunveruleg áhrif af kaupsamningnum voru þau að í stað eignarhalds á erlendum dótturfélögum eignaðist Landsbanki Íslands vikið lán að fjárhæð EUR 230.000.000 á hendur veikburða íslensku fjármálafyrirtæki og til viðbótar útlánaáhættu að fjárhæð EUR 380.000.000 sem ekki var skilyrt við það að kaupin myndu ganga eftir. Ekki voru því fyrir hendi fullnægjandi viðskiptalegar forsendur sem réttlætt gátu gerð lánasamningsins og útgreiðslur skv. honum.

Þann 6. október 2008 barst Landsbanka Íslands bréf frá Straumi. Í bréfinu kom m.a. fram að vegna þeirra aðstæðna sem þá voru á íslenskum fjármálamarkaði hefði Straumur áhyggjur af því að Landsbankinn gæti ekki staðið við samninga sína um sölu á fyrrnefndum dótturfélögum sínum til Straums. Gerð var krafa um að kaupverðið yrði lækkað og að endursamið yrði um kaupin. Þá kom fram að Straumur myndi nýta sér rétt til þess að

rífta samningunum ef ekki næðist að endursemja í málinu.

Þann 7. október 2008 tók FME yfir starfsemi Landsbanka eins og fjallað var um að framan. Straumur rífti kaupsamningnum um dótturfélögin með bréfi dags. 10. október 2008.

11. Ábyrgðartrygging stjórnenda og aðild váttryggjenda.

Landsbanki Íslands hafði um nokkurt skeið keypt ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur og starfsmenn stefnanda í gegnum breska váttryggingamiðlarann Howden Insurance Brokers Ltd. Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar greiða váttryggjendur stjórnendum og starfsmönnum allt tjón sem þeir verða fyrir vegna krafna sem komnar eru til vegna bótaskyldrar háttsemi þeirra (e. wrongful act), sjá hér kafla I, tlf. 1) í váttryggingarskilmálum frumtryggingar. Um váttryggingasamninginn gilda íslensk lög, sbr. kafla VII. I í skilmálum frumtryggingar.

Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar tekur hún til krafna sem settar eru fram á gildistíma tryggingar og svokallaðri „discovery period“. Samkvæmt ákvæði H. í skilmálunum um „Previous Directors“ tekur tryggingin til krafna sem settar eru fram allt að 72 mánuðum eftir að stjórnendur hafa látið af störfum. Stefndu Sigurjón og Halldór létu af störfum hjá Landsbanka Íslands í októbermánuði 2008.

Skömmu eftir fall Landsbanka Íslands bárust upplýsingar frá váttryggingamiðlaranum að váttryggjendur væru að kanna hvort tryggingin væri fallin úr gildi á grundvelli ákvæðis í grein B. í kafla 7 í frumtryggingarskilmálum um samruna og kaup á hinu tryggða félagi. Samkvæmt ákvæðinu getur trygging fallið niður ef meira en 50% af hlutfé fyrirtækisins hafi verið selt (ákvæði i) eða meginhluti eigna fyrirtækisins hafi verið seldur (ákvæði iv).

Með bréfi stefnanda þann 5. nóvember 2008 var þessari yfirlýsingu um niðurfellingu tryggingarinnar mótmælt harðlega á þeim grundvelli að ekki væri heimild til niðurfellingar tryggingarinnar skv. tilvitnuðum ákvæðum í skilmálum. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að ekkert hlutfé hefur verið yfirtekið í bankanum og að sá tjónsatburður sem mál þetta snýst um átti sér stað áður en hann féll. Minnihluti eigna stefnanda voru færðar yfir til Landsbankans hf. (áður NBI hf.) eins og sjá má af uppgjöri Landsbankans hf. fyrir árið 2008. Í bréfinu var því jafnframt lýst yfir að kröfur kynnu að vera gerðar á hendur fyrrum stjórnendum og starfsmönnum Landsbanka Íslands sem gætu leitt til krafna úr ábyrgðartryggingunni. Með bréfum dags. 16. og 30. janúar 2009 upplýsti stefnandi um tilteknar kröfur sem komið höfðu fram á hendur honum.

Gildistími ábyrgðartryggingarinnar sem síðast var gefin út var frá 1. febrúar 2008 til 31. janúar 2009. Áður en gildistími tryggingarinnar rann út óskaði stefnandi eftir því að tími til að tilkynna tjón skv. tryggingunni yrði framlengdur (e. Discovery Period) í eitt ár frá lokadegi tryggingarinnar, sbr. kafla III A í tryggingarskilmálunum frumtryggingar.

Váttryggingamiðlarinn Howden staðfesti að umrædd beiðni um framlengingu hefði komið réttilega fram. Stefndu bauð fram greiðslu fyrir framlenginguna en váttryggjendur hafa ekki samþykkt að taka við greiðslunni og síðar áskilið sér rétt til að hafna því að framlengingin sé gild. Með bréfi lögmanns stefnanda til Howden dags. 22. janúar 2010, áður en framlengdi tilkynningarfresturinn rann út, var váttryggjendum tilkynnt um hugsanlegar kröfur sem kynnu að verða gerðar á hendur fyrrum stjórnendum Landsbanka Íslands. Meðal þeirra bótaskyldu atvika sem tilkynnt var um í bréfinu voru greiðslur á fjármunum til Straums í október 2008.

Nokkur bréfa- og upplýsingaskipti áttu sér stað á milli stefnanda, váttryggingamiðlarans og váttryggjenda í framhaldinu. Stefndu hefur haldið váttryggjendum upplýstum um stöðu á

hugsanlegum kröfum á hendur féluginu eftir því sem tilefni hefur verið til. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir stefnanda um að fá skýr svör frá váttryggjendum um það hvort þeir telji að tryggingin og framlenging hennar hafi verið gild gekk erfiðlega að fá endanlega afstöðu váttryggjenda.

Með bréfi dags. 1. september 2010 tilkynnti lögmaður hinna stefndu váttryggjenda að þeir áskildu sér rétt til þess að bera því við að tryggingin hafi fallið úr gildi vegna inngrips Fjármálaeftirlitsins og sölu á eignum til Landsbankans hf. (áður NBI hf.). Einnig áskildu þeir sér rétt til að hafna því að framlenging á tilkynningartíma tryggingar væri gild.

Með bréfi dags. 31. desember 2010 sendi lögmaður hinn stefndu váttryggjenda bréf til stefnanda þar sem settar eru fram nýjar ástæður fyrir því að tryggingin sé niður fallin. Í bréfinu er byggt á því að þar sem stjórnendur stefnanda hafi við endurnýjun tryggingarinnar, nánar tiltekið þann 9. janúar 2008 þegar umsóknareyðublað var fyllt út, ekki veitt réttar upplýsingar um slæma fjárhagslega stöðu bankans sé ábyrgð váttryggjenda fallin niður. Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þessum nýju málsástæðum váttryggjenda.

Váttryggingin var þrískipt og voru mismunandi váttryggjendur ábyrgir fyrir einstökum hlutum hennar eins og neðan greinir:

Heiti tryggingar	Númer skirteinis	Fjárhæð tryggingar	Váttryggjendur	Hlutdeild í %
Grunntrygging (Primary Layer)	WD 105350 X	GBP 10 milljónir	Brit Insurance Limited	33,33%
			QBE Syndicate 1886	29,17%
			Novae Syndicate 2007	20,83%
			Liberty Mutual Insurance Europe Ltd.	16,67%
Fyrsta viðbótartrygging (First Excess Layer)	WD 105351 X	GPB 15 milljónir	Brit Insurance Limited	36,36%
			QBE Syndicate 1886	18,18%
			DR Syndicate 1400	9,09%
			QBE Insurance (Europe) Limited	36,36%
Önnur viðbótartrygging (Second Excess Layer)	WD 105352 X	GPB 25 milljónir	QBE Insurance (Europe) Limited	60%
			DR Syndicate 1400	20%
			Allianz Global Corporate Specialty AG	20%

Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar er ábyrgð

váttryggjenda hlutfallslega skipt (pro rata), þannig að hver váttryggjandi um sig ber ábyrgð á þeirri fjárhæð sem hann hefur skrifað sig fyrir. Á bak við váttryggjendur, sem eru tilgreindir sem „Syndicate“, er hópur váttryggjenda sem koma fram sameiginlega undir nöfnum hópanna. Sérhver aðili í hópnum ber fulla ábyrgð gagnvart váttryggðum á skuldbindingu hópsins. Við nöfn stefndu aðila í stefnu þessari er að finna tilvísun í þann hóp sem þeir tilheyra. Þá skal tæma greiðslur úr frumtryggingu áður en kemur að greiðsluskyldu úr fyrstu viðbótartryggingu skv. skilmálum váttryggingarinnar. Greiðsluskylda úr annarri viðbótartryggingu kemur ekki til fyrr en greiðsluskylda skv. frumtryggingu og fyrstu viðbótartryggingu hefur verið tæmd.

12. Kröfubréf stefnanda til stefndu og svör.

Með bréfum dags. 12. nóvember 2010 sendi stefnandi stefndu, Sigurjóni og Halldóri, bréf þar sem gerð var grein fyrir bótaskyldu þeirra. Í framhaldi af því urðu nokkur samskipti á milli aðila og var stefndu m.a. veittur aðgangur að gögnum. Lögmaður Halldórs svaraði bréfinu þann 22. nóvember 2010 og óskaði eftir frekari fresti til að svara. Með bréfi lögmanns Halldórs dags. 14. desember 2010 er kröfunni mótmælt. Í bréfinu vísar hann til þess að samkvæmt verkaskiptingu bankastjóra hafi umsjón með útlánamálum verið hjá stefnda Sigurjóni. Stefndi Halldór segist hafa treyst því að framkvæmd lánveitingarinnar hafi verið í lagi en starfsmenn lánasviðs bankans hafi átt að sjá um framkvæmdina. Í svarbréfi lögmanns stefnda, Sigurjóns, sem er dags. 29. nóvember 2010 er vísað til þess að það hafi verið fjöldi starfsmanna í bankanum sem átti að sjá um að samningar væru efndir og að hann bæri ekki húsbóndaábyrgð á störfum þeirra.

Afrit af kröfubréfum á hendur bankastjórnunum var sent váttryggingafélögum með bréfi dags. 26. nóvember 2010 fyrir milligöngu Howden Insurance Brokers Ltd.

Þar sem stefndu hafa ekki fallist á greiðsluskyldu er stefnandi knúinn til að höfða mál þetta.

Málsástæður:

Saknæmi og ólögmati. Kröfur stefnanda byggja á því að stefndu, Sigurjón og Halldór, hafi með saknæmum og ólögmetum hætti valdið Landsbanka Íslands tjóni m.a. með því að stuðla að því að Straumi voru greiddar kr. 19.000.000.000 þann 2. október 2008. Byggt er á því að stefndu, Sigurjón og Halldór, hafi af gáleysi valdið bankanum tjóni með því að samþykkja að lána Straumi umrædda fjármuni þegar ljóst var að fjármálafyrirtæki á Íslandi áttu í verulegum fjárhagserfiðleikum og að verulegar líkur væru á því að Straumur myndi ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.

Vitneskja stefndu um þessa stöðu bankans og fjármálafyrirtækja á Íslandi og hin saknæma háttsemi felst nánar tiltekið í eftirfarandi þáttum:

1. Upp úr miðju ári 2007 hófst lausafjárekreppa á fjármálamörkuðum í heiminum. Upphaf þessarar kreppu má rekja til þess að svokölluð undirmálslán til fasteignakaupa í Bandaríkjunum voru talin mun minna virði en áður hafði verið talið. Á árinu 2008 fór ástandið á íslenskum fjármálamarkaði versnandi og var staða stefnanda og flestra annarra íslenskra fjármálafyrirtækja orðin mjög alvarleg sökum hinnar alþjóðlegu lausafjárekreppu. Samkvæmt frásögn stefnda, Sigurjóns, var veruleg hætta á að stefnandi myndi ekki komast í gegnum erfiðleika í marsmánuði 2008.

2. Á seinni hluta árs 2007 og á árinu 2008 hafði þeirri stefnu verið fylgt af bankaráði og bankastjórn Landsbanka Íslands að draga bæri úr útlánum úr bankanum og veita ekki ný lán nema nauðsynlegt væri til að bjarga hagsmunum bankans. Ný lán í þeim mæli sem ráðgert var í samningum við Straum gengu

þvert á þessa stefnumótun og hefðu a.m.k. þurft samþykki bankaráðs.

3. Í kjölfar falls bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers þann 15. september 2008 jókst vanaust á milli fjármálfyrirtækja í heiminum. Áhrifin voru þau að lán þeirra á milli og útlán stöðvuðust að mestu leyti. Stjórnendum Landsbanka Íslands var eða mátti vera þessar aðstæður á fjármálamörkuðum ljósar og að varasamt gæti verið að lána peninga til fjármálfyrirtækja og þá sérstaklega íslenskra fjármálfyrirtækja.

4. Frá júlímánuði 2008 hafði breska fjármálaeftirlitið gert ýmsar kröfur um úrbætur um fyrirkomulag á Icesave reikningum gagnvart Landsbanka Íslands. Þann 25. september 2008 sendi breska fjármálaeftirlitið bréf til Landsbanka Íslands þar sem þess var krafist að bankinn bætti úr ítrekuðum brotum á reglum um lausafé skv. kröfum breska fjármálaeftirlitsins. Bréfi þessu var síðan fylgt eftir með bréfi eftirlitsins dags. 3. október 2008 þar sem gerðar voru kröfur um að bankinn legði fram viðbótarlausafé GBP 400.000.000 til Englandsbanka að morgni mánudagsins 6. október til þess að auka við varasjóð vegna Icesave reikninga í Bretlandi. Stefndu, Sigurjóni og Halldóri, mátti vera ljóst að auknar kröfur breska fjármálaeftirlitsins, sem lágu fyrir þegar í ágúst mánuði 2008, myndu þrengja verulega að lausafjárstöðu og efnahag bankans.

5. Með yfirtöku ríkisins á Glitni banka þann 29. september 2008 var ljóst að staða Landsbanka Íslands og annarra íslenskra fjármálfyrirtækja varð mjög veik. Hrun bankakerfisins vofði yfir. Það er bókað á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands þann 29. september 2008 og aftur í tengslum við ákvörðun um sölu á dótturfélögunum þann 30. september 2008 að ákvörðun ríkisins hafi haft neikvæð áhrif á eigið fé Landsbanka Íslands. Einnig kom fram á fundinum að leita þyrfti allra skynsamlegra leiða til þess að treysta og styrkja eiginfjárstöðu bankans. Á þessum tíma var stjórnendum Landsbanka Íslands því ljóst að bankinn uppfyllti ekki kröfur um eiginfjárgrunn og að nýtt hlutafé þyrfti til þess að bankinn gæti uppfyllt þær kröfur.

6. Auk þess áfalls sem eiginfjárgrunnur bankans varð fyrir vegna yfirtöku ríkisins á Glitni banka hafði bankinn orðið fyrir umtalsverðum áföllum vegna hinnar langvarandi fjármálakreppu. Mikil afskrifaþörf hafði byggst upp m.a. annars vegna félaga tengdum formanni bankaráðsins, þ.e. Fjárfestingarfélaginu Gretti, Eimskipum, og Icelandic Group. Þá höfðu hlutir í Landsbanka Íslands sem stefnandi hafði yfirráð yfir, t.d. hjá LI Hedge og aflandsfélögum sem héldu á hlutum til að mæta kröfum vegna hvatakerfis starfsmanna, ekki verið dregnir frá eiginfjárgrunni bankans í uppgjörum. Landsbanki Íslands hafði einnig keypt mikið af eigin hlutabréfum á markaði á þeim tíma sem lánasamningurinn var undirritaður og greiðslan innt af hendi. Í ljósi þessarar vitneskju hefðu stefndu átt að gæta ýtrustu varkárni þegar kom að nýjum skuldbindingum og útgreiðslu á miklum fjármunum. Þeim var ljóst að fjárhagsleg staða Landsbanka Íslands var mjög veik í lok september 2008.

7. Í fundargerð bankaráðs Landsbanka Íslands frá 30. september 2008 kemur fram að viðskiptalegur tilgangur með sölu á dótturfélögunum hafi verið sá að bæta eiginfjárstöðu bankans. Eins og að framan er rakið hafði sala dótturfélaganna einungis að hluta til þessi áhrif á eiginfjárgrunn bankans. Þegar horft er til þess að lánasamningurinn við Straum var ekki bundinn því skilyrði að salan á dótturfélögunum hefði hlotið samþykki yfirvalda er ljóst að ekki voru fullnægjandi viðskiptalegar forsendur fyrir þessum samningum.

8. Með þessum tveimur samningum jókst útlánaáhætta bankans gagnvart Straumi um EUR 610.000.000. Áhættuskuldbindingar Straums og tengdra aðila, einkum Björgólfs Thors Björgólfssonar og Björgólfs Guðmundssonar, gagnvart

Landsbanka Íslands voru, fyrir þessa greiðslu, langt yfir 25% af eiginfjárgrunni bankans. Með samningunum og greiðslunni voru því reglur 30. gr. ffl., reglur stefnanda og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar brotnar.

9. Þá er sérstaklega bent á að stefndu, Sigurjón og Halldór, hafi sýnt af sér gáleysi með því að skrifa undir lánasamning við veikburða íslenskt fjármálfyrirtæki á þessum tíma án þess að hann væri bundinn því skilyrði að útgreiðslur fjármuna væru háðar endanlegri gildistöku samningsins um sölu á dótturfélögunum.

10. Þá ber að nefna að ákvarðanir sem teknar voru á ofangreindum fundi bankaráðs voru ólögsmætar þar sem hvorki Björgólfur Guðmundsson né Andri Sveinsson viku af fundi þrátt fyrir augljós tengsl við Straum. Þeir voru vanhæfir til að fjalla um þessa samninga við Straum. Í raun lá ekki fyrir lögmæt ákvörðun bankaráðs um að skuldbinda bankann við þessa samninga og var því stefndu, Sigurjóni og Halldóri, óheimilt að skrifa undir lánasamninginn.

Samningarnir við Straum um kaup á dótturfélögunum og lánveitingarnar áttu að sögn stefndu, Sigurjóns og Halldórs, að vera tengdir. Stefndu, Sigurjón og Halldór, hafa jafnframt upplýst að þeir hafi talið að ákvörðun um lánveitinguna hafi ekki átt undir ákvörðunarvald bankaráðs. Með samningunum voru áhættuskuldbindingar Straums gagnvart Landsbanka Íslands auknar um EUR 610.000.000. Vegna hinna miklu fjárhagslegu hagsmuna og í ljósi þeirra erfiðleika sem stöðjuðu að íslenskum fjármálastofnunum voru umræddir samningar meiriháttar og óvenjuleg ráðstöfun. Samkvæmt lögum um hlutafélög og starfsreglum bankans bar að leggja fyrir bankaráð ákvarðanir sem eru meiriháttar og óvenjulegar. Þar sem samhengi var á milli þessara samninga hefði verið rétt að bankaráðið hefði tekið ákvörðun um efni beggja samninga þegar þeir lágu fyrir í endanlegri mynd. Þar sem slík ákvörðun lá ekki fyrir höfðu bankastjórnarnir ekki umboð til að skuldbinda bankann við þann lánasamning sem skrifað var undir þann 1. október 2008 og var því ekki heimilt að greiða peninga til Straums á grundvelli þess samnings. Með vísan til þess sem að framan greinir er á því byggt að stefndu, Sigurjón Þ. Arnason og Halldór J. Kristjánsson, hafi sýnt af sér gáleysi með gerð lánasamningsins og þeirrar skuldbindingar sem hann hafði í för með sér fyrir bankann og með því bakað sér skaðabótaskyldu að óskiptu gagnvart búi stefnanda á grundvelli almennu sakarreglunnar. Þá eru þeir einnig ábyrgir á grundvelli 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orsakatengsl og sennileg afleiðing. Samkvæmt því sem að framan er rakið liggur fyrir að hin saknæma og ólögsmæta háttsemi stefndu, Sigurjóns og Halldórs, leiddi til þess að kr. 19.000.000.000 voru með ólögsmætum hætti greiddar frá Landsbanka Íslands til Straums þann 2. október 2008. Einnig er sannað að bú Landsbanka Íslands verður fyrir tjóni þar sem ekki fást fullar endurheimtur á kröfunni vegna ógjaldfærni Straums. Hin saknæma háttsemi stefndu, undirritun undir lánasamninginn, var því nauðsynlegt skilyrði fyrir því að tjónið varð og í öllu falli meðverkandi tjónsorsök.

Þá er tjónið augljóslega sennileg afleiðing af háttseminni. Fyrir lá að verulegir erfiðleikar stöðjuðu að fjármálfyrirtækjum á Íslandi á þessum tíma. Háttsemin var því til þess fallin að auka líkur á því að Landsbanki Íslands yrði fyrir tjóni.

Tjónið. Fyrir liggur að Landsbanki Íslands hefur orðið fyrir tjóni vegna þeirra fjármuna sem greiddir voru út úr bankanum samkvæmt framansögðu enda hefur einungis hluti þeirra fengist endurheimtur. Eins og áður hefur komið fram var greiðslan sem

um ræðir að fjárhæð kr. 19.000.000.000. Straumur fór í slitameðferð og gerði nauðasamning við lánardrottna sína. Samkvæmt mati umsjónarmanns með nauðasamningi Straums gerði nauðasamningurinn ráð fyrir að lánardrottnar fengju í fyllingu tímans 47% upp í kröfur sínar. Miðað við það hlutfall er tjón stefnanda kr. 10.070.000.000 auk vaxta og kostnaðar.

Til þess að takmarka tjón sitt seldi stefnandi kröfu sína á hendur Straumi á markaði gegn staðgreiðslu og fékk fyrir um 39,2% af fjárhæð kröfunnar og er tjón stefnanda miðað við það hlutfall kr. 11.552.000.000 auk vaxta og kostnaðar. Samkvæmt þessu er ljóst að tjón stefnanda, af því að umræddir fjármunir voru greiddir til Straums þann 2. október 2008, er stórfellt.

Askilinn er réttur til þess að leggja fram matsgerð dómkvaddra matsmanna um fjárhæð tjónsins ef varnir stefndu gefa tilefni til.

Greiðsluskylða váttryggjenda. Áður hefur verið rakið að stefndu, Sigurjón og Halldór, eru tryggðir fyrir tjóni sem þeir hafa valdið í störfum sínum hjá Landsbanka Íslands. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga getur tjónþoli beint kröfum sínum vegna skaðabóta beint að váttryggjendum. Um váttryggingasamninginn gilda íslensk lög, sbr. kafla VII. I í skilmálum frumtryggingar. Kröfur á hendur váttryggjendum byggja á því að ábyrgð þeirra sé hlutfallslega skipt (pro rata) þeirra á milli en óskipt (in solidum) með stefndu, Sigurjóni og Halldóri, allt að þeirri fjárhæð sem hlutur þeirra í tryggingafjárhæðinni er. Þeir aðilar sem standa á bak við svokölluð „Syndicate“ bera solidariska ábyrgð á skuldbindingum viðkomandi hóps váttryggjenda. Skipt ábyrgð váttryggjenda er, samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar, þannig að hver váttryggjandi um sig ber ábyrgð á þeirri fjárhæð sem hann hefur skrifað sig fyrir. Litið er á „Syndicate“ eða hóp váttryggjenda sem einn aðila í þessu samhengi. Þá skal tæma greiðslur úr frumtryggingu áður en kemur að greiðsluskyldu úr fyrstu viðbótartryggingu. Greiðsluskylða úr annarri viðbótartryggingu kemur svo ekki til fyrir en greiðsluskylða skv. frumtryggingu og fyrstu viðbótartryggingu hefur verið tæmd. Þar sem gerð er krafa sem nemur hærri fjárhæð en nemur váttryggingafjárhæðinni allri skiptist ábyrgð váttryggjendanna með neðangreindum hætti:

Tryggingar tegund	Fjárhæð tryggingar	Váttryggjendur	Hlutdeild %	Fjárhæð í GBP
Grunntrygging (Primary Layer)	GBP 10 milljónir	Brit Insurance Limited	33,33%	3.333.000
WD 105350 X		QBE Syndicate 1886	29,17%	2.917.000
		Novae Syndicate 2007	20,83%	2.083.000
		Liberty Mutual Insurance Europe Ltd.	16,67%	1.667.000
Fyrsta viðbótartrygging (First Excess Layer)	GBP 15 milljónir	Brit Insurance Limited	36,36%	5.454.000
WD 105351 X		QBE Syndicate 1886	18,18%	2.727.000
		DR Syndicate 1400	9,09%	1.363.500

		QBE Insurance (Europe) Limited	36,36%	5.454.000
Önnur viðbótartrygging (Second Excess Layer)	GBP 25 milljónir	QBE Insurance (Europe) Limited	60%	15.000.000
WD 105352 X		DR Syndicate 1400	20%	5.000.000
		Allianz Global Corporate Specialty AG	20%	5.000.000

Þó bótakrafa á hendur stefndu, Halldóri og Sigurjóni, sé sett fram í íslenskum krónum er krafa á hendur váttryggjendum sett fram í GBP þar sem váttryggingafjárhæðir eru tilgreindar í þeirri mynt.

Kröfur stefnanda á hendur váttryggjendum byggja á því að skuldbindingu trygging hafi verið í gildi sem bæta á tjón sem fellur á stefndu, Sigurjón og Halldór, vegna starfa þeirra sem bankastjórar. Engar forsendur eru til að líta svo á að tryggingin hafi fallið niður vegna yfirtöku annars aðila á hlutfé Landsbanka Íslands eða meirihluta eigna hans. Umrætt ákvæði er sett til þess að tryggingafélög geti tekið afstöðu til þess hvort rétt sé að tryggja starfsemi nýrra eigenda að félagi. Sá tjónsatburður sem um er deilt í þessu máli átti sér stað áður en kom að inngrípi Fjármálaeftirlitsins og færslu á eignum til Landsbankans hf. (áður NBI hf.) og á því umrætt ákvæði alls ekki við í þessu tilviki. Þá eru skilyrði ákvæðisins ekki uppfyllt þar sem engin hlutabréf hafa skipt um eigendur og að einungis lítill hluti eigna Landsbanka Íslands fór yfir til Landsbankans hf. (áður NBI hf.).

Fyrir liggur að Howden hefur staðfest að tilkynning með ósk um framlengingu á tilkynningartímanum hafi borist. Samkvæmt ákvæði í kafla VII j. 2 í frumtryggingarskilmálum ber að beina tilkynningum til váttryggjenda til váttryggingamiðlans Howden. Undandráttur váttryggjenda á því að viðurkenna réttmæta tilkynningu og neitun váttryggjenda á að taka við greiðslum frá Landsbanka Íslands getur ekki leitt til þess að framlengingin hafi ekki öðlast gildi.

Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar tekur hún til krafna sem settar eru fram á gildistíma tryggingar („discovery period“). Samkvæmt ákvæði H. í skilmálunum um „Previous Directors“ tekur tryggingin til krafna sem settar eru fram allt að 72 mánuðum eftir að stjórnendur hafa látið af störfum. Stefndu Sigurjón og Halldór létu af störfum hjá Landsbanka Íslands í október mánuði 2008.

Lagarök: Kröfur stefnanda á hendur stefndu Sigurjóni og Halldóri byggjast á almennum reglum skaðabótaréttar þ.m.t. almennu sakarreglunni auk 134. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995.. Um brot á reglum um stórar áhættuskuldbindingar er byggt á 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar. Kröfur á hendur váttryggjendum byggja á 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Vaxtakrafan er reist á 6. og 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málkostnað byggir stefnandi á ákvæðum XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Mál þetta er rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt heimild í 1. mgr. 33. og 42. gr. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði á grundvelli b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem birting stefnunnar hefur ekki tekist á hendur öllum stefndu.

Skjöl og skýrslur: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram auk stefnu þessarar og skrá yfir framlögð skjöl, ársreikninga, milliuppgjör fyrir Landsbanka Íslands, Samson eignarhaldsfélag og Straum, lánasamning, kaupsamning um dótturfélög, hluthafalista Landsbanka Íslands, gögn vegna nauðasamnings Straums, yfirlit yfir áhættuskuldbindingar Straums og tengdra aðila, útlánareglur, reglur um stórar áhættuskuldbindingar, bréfaskipti við fjármálaeftirlit á Íslandi og Bretlandi, fundargerðir bankaráðs, endurrit af skýrslutökum, kafla úr rannsóknarskýrslu, váttryggingarsamninga, bréf frá Straumi ofl.

Þá áskilur stefnandi sér rétt um framlagningu annarra gagna á síðari stigum, þ.m.t. matsgerða, gefi málalítilbúnaður stefndu tilefni til.

Vitnaleiðslur o.fl.: Stefnandi áskilur sér rétt til að taka vitna- og aðilaskýrslur við aðalmeðferð málsins af neðangreindum aðilum:

1. Sigurjón Þ. Árnason, stefndi.
2. Halldór J. Kristjánsson stefndi.
3. Björgólfur Guðmundsson fyrrverandi formaður bankaráðs.
4. Kjartan Gunnarsson fyrrverandi varaformaður bankaráðs.
5. Andri Sveinsson fyrrverandi bankaráðsmaður.
6. Þorgeir Baldursson fyrrverandi bankaráðsmaður.
7. Svafa Grönfeldt fyrrverandi bankaráðsmaður.
8. Björgólfur Thor Björgólfsson stærsti hluthafi Landsbanka Íslands og Straums og fyrrverandi formaður bankaráðs Straums.
9. Birgir Már Ragnarsson starfsmaður Novator og fyrrverandi stjórnarmaður í Straumi.
10. William Fall fyrrverandi bankstjóri Straums.
11. Óttar Pálsson fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Straumi.
12. Steinþór Baldursson fyrrverandi starfsmaður Landsbanka Íslands.
13. Þórður Ó. Þórðarson lögmaður og fyrrverandi starfsmaður Landsbanka Íslands.
14. Gunnar Viðar lögmaður og fyrrverandi starfsmaður Landsbanka Íslands.
15. Jón Þorsteinn Oddleifsson fyrrverandi forstöðumaður fjárfstýringar Landsbanka Íslands.

Áskilinn er réttur til að leiða fyrir dóminn aðra þá sem tilefni þykir að leiða sem vitni á síðari stigum málsins. Þá áskilur stefnandi sér rétt til frekari gagnaöflunar eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til en málið verður nánar reifað og rökstutt við aðalmeðferð.

Almennur áskilnaður: Að svo stöddu þykir ekki ástæða til þess að reifa málið frekar. Áskilin er þó réttur til þess að koma að frekari kröfum, málsástæðum lagarökum og sönnunargögnum á síðari stigum, þar á meðal við aðalmeðferð málsins, ef tilefni gefst til. Sérstakur áskilnaður er um framlagningu matsgerðar um tjónið ef varnir gefa tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með neðangreindum aðilum;

1. Sigurjóni Þ. Árnasyni;
2. Halldóri J. Kristjánssyni;
3. Dane Jonathan Douetil, 55 Bishopsgate, London, EC2N 3AS, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Brit Insurance Limited, 55 Bishopsgate, London EC2N 3AS, United Kingdom;
4. Sean Patrick Rocks 3rd Floor, Minister Court, Mincing Lane,

London EC3R 7YE, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Liberty Mutual Insurance Europe Ltd., (trading as Liberty International Underwriters), 3rd Floor, Minister Court, Mincing Lane, London EC3R 7YE, United Kingdom;

5. Steven Paul Burns, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd QBE International Insurance Ltd., (known as QBE Insurance (Europe) Ltd.), Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom;

6. Wolfgang Faden, Fritz-Schaeffer-Strasse 9, Munich 81737, Germany, framkvæmdastjóra, fyrir hönd, Allianz Global Corporate & Specialty AG, Fritz-Schaeffer-Strasse 9, Munich 81737, Germany;

7. Steven Paul Burns, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, framkvæmdastjóra, fyrir hönd QBE Corporate Ltd., Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom;

8. Adam Charles Mullan, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London EC3V 0XL, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Alterra Corporate Capital 2 Limited, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London EC3V 0XL, United Kingdom;

9. Adam Charles Mullan, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London EC3V 0XL United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Alterra Corporate Capital 3 Limited, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London EC3V 0XL, United Kingdom;

10. "Peter Kelvin Heginbotham, 6 Jellicoe Towers, 189 The Terrace, Wellington, New Zealand, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Kelvin Underwriting Limited, Fountain House, 130 Fenchurch Street, London EC3M 5DJ United Kingdom;

11. Jeremy Richard Holt Evans, The Mill House, Leavenheath, Suffolk CO6 4PT, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Nameco (No 11) Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom;

12. Jeremy Richard Holt Evans, The Mill House, Leavenheath, Suffolk CO6 4PT, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Nameco (No 231) Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom;

13. Matthew Kailey Fosh, 61 Lansdowne Road, London W11 2LG, United Kingdom framkvæmdastjóra, fyrir hönd Novae Corporate Underwriting Limited, 71 Fenchurch Street, London EC3M 4HH, United Kingdom;

14. Alan Ernest Grant, Crayshott House, Woodlands Road, West Byfleet, Surrey KT14 6JW, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd SCOR Underwriting Limited, 10 Lime Street, London EC3M 7AA, United Kingdom;

15. Patricia Ann Lockhart Smith, The Dover House, Farm Street, Tintinhull, Somerset BA22 8PZ, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Sorbietrees Underwriting Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom;

16. Brian John Tutin, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

17. Bridget Anne Carey-Morgan, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

18. Carol Jean Harris, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

19. David John De Marle Coulthard, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

20. Eileen Elsie Hunter, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

21. Gary Frederick Sullivan, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

22. Ian Richard Posgate, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;

23. Joseph Elmaleh, c/o Lloyd's of London, One Lime Street,

London EC3M 7HA, United Kingdom;
 24. John Leon Gilbert, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;
 25. Julian Michael West, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom;
 26. Richard Michael Hodgson Read, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom; og
 27. Norman Thomas Rea, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom,
 til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður kl. 10 árdegis, fimmtudaginn 29. september 2011, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Mæti stefndi ekki á dómþingi þessu má hann búast við að útivistardómur gangi í málinu.
 Stefnufrestur fyrir stefnda Sigurjón Þ. Árnason er 3 sólarhringar en fyrir aðra stefndu er hann einn mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2011.

Herdís Hallmarsdóttir hrl.

(2011015063)

Útgáfud.: 29. ágúst 2011

Stefna - til greiðslu skaðabóta

Skilanefnd og slitastjórn Landsbanka Íslands hf.

Austurstræti 16, Reykjavík,

gera kunnugt: Að þær þurfi fyrir hönd Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 16, Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur neðangreindum aðilum:

1. Sigurjóni Þ. Árnasyni, kt. 240766-3109, Granaskjöldi 28, Reykjavík.
2. Halldóri J. Kristjánssyni, kt. 130155-4569, óstaðsettur í hús í Kanada.
3. Sigríði Elínu Sigfúsdóttur, kt. 240855-2679, Baugatanga 7, Reykjavík.
4. Brit Insurance Limited, 55 Bishopsgate, London, EC2N 3AS, United Kingdom.
5. Liberty Mutual Insurance Europe Ltd. (trading as Liberty International Underwriters), 3rd Floor, Minster Court, Mincing Lane, London, EC3R 7YE, United Kingdom.
6. QBE International Insurance Ltd., (known as QBE Insurance (Europe) Ltd., Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London, EC3M 3BD, United Kingdom.
7. Allianz Global Corporate & Specialty AG, Fritz-Schaeffer-Strasse 9, Munich 81737, Germany.
8. QBE Corporate Ltd., Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom (vegna QBE Syndicate 1886).
9. Alterra Corporate Capital 2 Limited, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, United Kingdom (vegna DR Syndicate 1400) Alterra Corporate Capital 3 Limited, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, United Kingdom (vegna DR Syndicate 1400).
10. Kelvin Underwriting Limited, Fountain House, 130 Fenchurch Street, London EC3M 5DJ United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
11. Nameco (No 11) Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
12. Nameco (No 231) Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
13. Novae Corporate Underwriting Limited, 71 Fenchurch

Street, London EC3M 4HH, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).

14. SCOR Underwriting Limited, 10 Lime Street, London EC3M 7AA, United Kingdom, (vegna Novae Syndicate 2007).
15. Sorbietrees Underwriting Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
16. Brian John Tutin, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
17. Bridget Anne Carey-Morgan, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
18. Carol Jean Harris, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
19. David John De Marle Coulthard, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
20. Eileen Elsie Hunter, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
21. Gary Frederick Sullivan, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
22. Ian Richard Posgate, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
23. Joseph Elmaleh, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
24. John Leon Gilbert, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
25. Julian Michael West, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
26. Richard Michael Hodgson Read, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).
27. Norman Thomas Rea, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom (vegna Novae Syndicate 2007).

Dómkreftur: Stefnandi krefst þess að stefndu Sigurjón Þ. Árnason, Halldór J. Kristjánsson og Sigríður Elín Sigfúsdóttir verði dæmd til að greiða stefnanda in solidum kr. 16.200.000.000 auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. október 2008 til þingfestingardags, en dráttarvexti skv. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess jafnframt að neðangreindir aðilar verði dæmdir til að greiða in solidum með stefndu Sigurjóni, Halldóri og Sigríði þær fjárhæðir sem við nafn þeirra greinir;
 Brit Insurance Ltd. GBP 8.787.000.

Liberty Mutual Insurance Europe Limited GBP 1.667.000,
 QBE International Insurance Limited GBP 20.454.000,
 Allianz Global Corporate & Specialty AG GBP 5.000.000,
 QBE Corporate Ltd. GBP 5.644.000
 Alterra Corporate Capital 2 Limited GBP 6.363.500,
 Alterra Corporate Capital 3 Limited GBP 6.363.500,
 Kelvin Underwriting Limited GBP 2.083.000,
 Nameco (No 11) Limited GBP 2.083.000,
 Nameco (No 231) Limited GBP 2.083.000,
 Novae Corporate Underwriting Limited GBP 2.083.000,

SCOR Underwriting Limited GBP 2.083.000,
 Sorbietrees Underwriting Limited GBP 2.083.000,
 Brian John Tutin GBP 2.083.000,
 Bridget Anne Carey-Morgan GBP 2.083.000,
 Carol Jean Harris GBP 2.083.000,
 David John De Marle Coulthard GBP 2.083.000,
 Eileen Elsie Hunter GBP 2.083.000,
 Gary Frederick Sullivan GBP 2.083.000,
 Ian Richard Posgate GBP 2.083.000,
 Joseph Elmaleh GBP 2.083.000,
 John Leon Gilbert GBP 2.083.000,
 Julian Michael West GBP 2.083.000,
 Richard Michael Hodgson Read GBP 2.083.000,
 Norman Thomas Rea GBP 2.083.000,
 auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og
 verðtryggingu frá 2. október 2008 til þingfestingardags en
 dráttarvexti skv. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til
 greiðsludags.
 Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir til þess að greiða
 stefnanda málskostnað að mati dómsins í samræmi við
 hagsmuni málsins, vinnu málflytjanda og annan kostnað af
 málinu.
 Málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð
 málsins. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Skilanevnd og slitastjórn
 Landsbanka Íslands hf. hafa falið Herðisi Hallmarsdóttur hrl.,
 Lágmula 5, Reykjavík að flytja mál þetta fyrir hönd
 Landsbanka Íslands hf. í slitameðferð (hér eftir nefndur
 stefnandi). Í umfjöllun í stefnu er vísað til Landsbanka Íslands
 hf. vegna atvika er áttu sér stað fyrir fall bankans og yfirtöku í
 október 2008.

Málsatvik:

1. Inngangur.

Í máli þessu eru gerðar kröfur á hendur tveimur fyrrverandi
 bankastjórum Landsbanka Íslands þeim Sigurjóni Þ. Árnasyni
 og Halldóri J. Kristjánssyni svo og Sigríði Elínu Sigfúsdóttur
 fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs bankans og
 váttryggingarfélögum sem gáfu út ábyrgðartryggingar fyrir
 stjórnarmenn og stjórnendur hans.

Í júnímánuði 2008 skuldaði Fjárfestingarfélagið Grettir ehf.
 (FG) yfir 40 milljarða króna. FG var í eigu Björgólfs
 Guðmundssonar þáverandi formanns bankaráðs Landsbanka
 Íslands og hann var jafnframt stór hluthafi og ráðandi aðili í
 bankanum. Eignir FG sem voru einkum hlutabréf í HF.
 Eimskipafélagi Íslands (Eimskip) og Icelandic Group hf.
 (Icelandic Group) höfðu fallið mikið í verði. FG var á þessum
 tíma ógjaldfært þar sem það gat ekki greitt af skuldum sínum og
 eignir þess voru miklum mun lægri en skuldir. Skuldir FG við
 Landsbanka Íslands voru m.a. tryggðar með bankaábyrgð frá
 Kaupthing Bank Luxembourg SA (KB Luxembourg) að
 fjárhæð 18 milljarðar króna og persónulegri ábyrgð Björgólfs
 Guðmundssonar. Bankaábyrgðin gildi til 26. júní 2008. Þann 18.
 júní 2008 féll í gjalddaga lán Landsbanka Íslands til FG að
 fjárhæð 18,4 milljarðar og rann bankaábyrgð KB Luxembourg
 út án þess að gerð væri krafa um greiðslur.

Kröfur stefnanda byggja á því að stefndu Sigurjón, Halldór og
 Sigríður Elin hafi með saknæmum og ólögum hætti valdið
 stefnanda tjóni m.a. með því að hlutast ekki til um að innheimta
 ábyrgð KB Luxembourg á lánveitingum bankans til FG.
 Háttsemi þeirra var gáleysisleg þar sem þeim mátti vera ljóst að
 bæði FG og Björgólfur Guðmundsson voru á þessum tíma
 ógjaldfærir aðilar. Stefndu vanræktu að upplýsa bankaráð
 Landsbanka Íslands um þessa stöðu málsins þannig að það gæti

gripið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans.
 Stefndu Sigurjóni og Halldóri bar skv. reglum bankans að
 leggja málið fyrir bankaráð til umfjöllunar þegar fyrir lá að
 félag formanns bankaráðs Landsbanka Íslands var í stórfelldum
 vanskilum, bankaábyrgðin að renna út og að ekki hafði fengist
 staðfesting á framlengingu á ábyrgð KB Luxembourg.
 Útlán og aðrar áhættuskuldbindingar Landsbanka Íslands til
 Björgólfs Guðmundssonar og tengdra aðila voru á þessum tíma
 langt yfir lögbundnum hámarkum um stórar
 áhættuskuldbindingar og jukust umtalsvert við niðurfellingu
 bankaábyrgðarinnar. Var bankanum því óheimilt að framlengja
 skuldir FG á þessu tímamarki og láta ábyrgð KB Luxembourg
 falla niður. Stjórnendum bankans var skylt að ganga að
 bankaábyrgð KB Luxembourg og draga þannig úr útlánum og
 öðrum áhættuskuldbindingum Björgólfs Guðmundssonar og
 tengdra aðila.

2. Yfirtaka Fjármálaeftirlitsins á Landsbanka Íslands hf.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir starfsemi
 Landsbanka Íslands á grundvelli 100. gr. a. laga um
 fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í kjölfarið var hluti af eignum
 og starfsemi stefnanda færður í nýjan banka, Landsbankann hf.
 (áður NBI hf.) sem er nú í meirihlutaeigu íslenska ríkisins. Þær
 eignir sem voru færðar yfir í nýja bankann voru einkum
 innlendar innstæður og hluti innlendra eigna stefnanda.
 Meirihluti hluti eigna og skulda voru eftir í eigu stefnanda.
 Fjármálaeftirlitið skipaði jafnframt bankanum skilanevnd sem
 tók við réttindum og skyldum stjórnar og hluthafafundar
 félagsins.

Áður en Landsbanki Íslands var yfirtekinn var bankaráð hans
 skipað þeim Björgólfi Guðmundssyni, formanni og
 meðstjórnendum Kjartani Gunnarsyni, Svöfu Grönfeldt,
 Þorgeiri Baldurssyni og Andra Sveinssyni (fjármálastjóra
 Novator samstæðunnar sem var í eigu Björgólfs Thors
 Björgólfssonar). Bankaráðið var kjorið á aðalfundi félagsins
 þann 19. apríl 2008. Varamenn í bankaráðinu voru kjörnir
 Sigurbjörn Sigmarsson (framkvæmdastjóri Novator ehf. sem var í
 eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar), Helga Theódórsdóttir
 (starfsmaður Samson eignarhaldsfélags ehf.), Gunnar Felixson,
 Helga Jónsdóttir og Þorsteinn Sveinsson. Bankastjórar
 Landsbanka Íslands voru stefndu Sigurjón Þ. Árnason og
 Halldór J. Kristjánsson. Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs
 Landsbanka Íslands var stefnda Sigríður Elín Sigfúsdóttir.

Í framhaldi af beiðni skilanevndar eða þann 29. apríl 2009
 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn fyrir stefnanda á
 grundvelli 101. gr. ffl., sbr. lög 44/2009 til þess að annast slit
 bankans ásamt skilanevnd í samræmi við ákvæði ffl. og laga
 um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 (hér eftir „gpl.“).

3. Eignarhald og yfirræð á Landsbanka Íslands hf. og Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka hf.

Allt frá lokum einkavæðingar Landsbanka Íslands og þar til
 Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi hans var aðaleigandi
 Landsbanka Íslands hf. Samson eignarhaldsfélag ehf. með yfir
 40% eignarhlutdeild í bankanum. Eigendur Samson
 eignarhaldsfélags voru upphaflega Björgólfur Thor
 Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson og Magnús
 Þorsteinsson. Hinn síðastnefndi seldi hlut sinn í Samson
 eignarhaldsfélagi á árinu 2005. Eftir að Magnús hvarf frá
 félaginu áttu þeir feðgar í gegnum félög undir þeirra yfirræðum
 hvor um sig u.þ.b. 50% hlut í Samson eignarhaldsfélagi. Í
 upphafi árs 2004 var eignarhluti Samson eignarhaldsfélags í
 Landsbanka Íslands 44% en eignarhluti félagsins minnkaði
 lítillega á næstu árum.

Samkvæmt hluthafaskrá Landsbanka Íslands þann 30. júní 2008

átti Samson eignarhaldsfélag 40,73% af hlutafé bankans. Miðað við sama tímamark átti bankinn sjálfur eigin hluti sem námu 1,59% af heildarhlutafé og Landsbankinn Luxembourg SA 6,59%. Til viðbótar þessu átti Landsbanki Íslands 4,52% eigin hluti sem skráðir voru á reikning LI-Hedge á hluthafaskrá Landsbanka Íslands. Þá áttu aflandsfélög sem tengdust hvatakerfi starfsmanna og undir stjórn bankans samtals 14,3% í bankanum. Samkvæmt þessu höfðu aðaleigendur bankans Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson í raun yfirráð yfir a.m.k. 67,73% af hlutafé bankans þegar þau viðskipti voru gerð sem mál þetta fjallar um.

Á aðalfundi Straums Burðaráss fjárfestingarbanka hf. sem haldinn var þann 15. apríl 2008 voru skipaðir í stjórn félagsins þeir Björgólfur Thor Björgólfsson stjórnarformaður og meðstjórnendurnir, Birgir Már Ragnarsson (fyrrverandi framkvæmdastjóri Samson eignarhaldsfélags ehf. og starfsmaður Novator sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar), Guðmundur Kristjánsson, Friðrik Hallbjörn Karlsson og Jim Leitner. Varamenn í stjórninni voru Alden Edmonds, Baldur Örn Guðnason, Heiðar Már Guðjónsson (framkvæmdastjóri hjá Novator sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar), Jóhann Páll Simonarson og Þórunn Guðmundsdóttir.

Samkvæmt ársreikningi Straums fyrir árið 2008 var Samson Global Holdings SARL (Samson Global Holdings) stærsti hluthafinn í Straumi með 34,31% hlut. Þá átti Landsbankinn í Lúxemborg 24,28% eignarhlut í Straumi og eigin hlutir Straums voru samtals 4,94% í félaginu, skv. ársskýrslu fyrir árið 2007. Þeir feðgar Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson eða félög undir þeirra yfirráðum áttu hvor um sig u.þ.b. 50% hlut í Samson Global Holdings. Félagið var með skráðar höfuðstöðvar í Lúxemborg. Samkvæmt þessu höfðu aðaleigendur Straums, Björgólfur Guðmundsson og Björgólfur Thor Björgólfsson, yfirráð yfir a.m.k. 63,53% af hlutafé Straums þegar þau viðskipti voru gerð sem mál þetta fjallar um.

4. Stórar útlánaáhættur Landsbankans.

Í 7. gr. reglna Landsbanka Íslands um stórar áhættuskuldbindingar kemur skýrlega fram að áhættuskuldbindingar vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila skuli nema að hámarki 20% af eiginfjárgrunni en geti farið upp í 25% ef aðili er í besta áhættuflokki. Reglur bankans voru settar á grundvelli reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 216 frá árinu 2007 og ákvæða 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki sem banna að lán til innbyrðis tengdra aðila fari yfir 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis. Miðað við skýrslu Landsbanka Íslands um stórar áhættuskuldbindingar frá 30. júní 2008 voru áhættuskuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar 20,76% og Björgólfs Guðmundssonar 9,43%. Þá eru ótalin önnur félög sem þeir feðgar höfðu yfirráð yfir og áttu verulega hagsmuni í t.d. Straumur, Eimskip, Icelandic Group og eðlilegt hefði verið að tengja við áhættu Landsbanka Íslands gagnvart feðgunum.

Við útreikninga Landsbanka Íslands á stórum áhættuskuldbindingum höfðu þeir feðgar ekki verið tengdir saman sem fjárhagslega tengdir aðilar. Helstu eignir þeirra feðga var sameiginlegur ráðandi eignarhlutur í Landsbanka Íslands í gegnum Samson eignarhaldsfélag og sameiginlegur ráðandi eignarhlutur í Straumi í gegnum félagið Samson Global Holdings. Til viðbótar þessum eignum höfðu þeir feðgar sameiginlega fjárfest í ýmsum öðrum verkefnum í gegnum tíðina eins og t.d. Actavis Group hf. og símafélögum í Austur-Evrópu o.fl. Þá voru feðgarnir og félög tengd þeim stórir skuldarar bæði hjá Landsbanka Íslands og Straumi. Landsbanki Íslands fjármagnaði t.d. verkefni sem tengdust þeim feðgunum

með því að lána Straumi fjármuni („back to back“ fjármögnun, sbr. dóma í Hæstaréttarmálunum Landsbanki Íslands gegn Straumi-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. nr. 184/2010 sem kveðin var upp þann 2. júní 2010.) og ALMC hf. gegn Landsbanka Íslands nr. 77/2011 sem kveðinn var upp þann 23. maí 2011.

Fyrir liggur að í septembermánuði 2008 tók Samson eignarhaldsfélag yfir kröfu Landsbanka Íslands á hendur Jointrace Ltd. (sem átti XL Leisure Group Ltd.) sem var að fjárhæð u.þ.b. kr. 27.000.000.000, en sú skuldbinding Jointrace Ltd. var með ábyrgð H.f. Eimskipa. FG sem var í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar í gegnum eignarhald Samson á Operu fjárfestingar ehf., var stærsti hluthafinn í Eimskipum á þeim tíma. Með þessari aðgerð létti sameiginlegt félag þeirra feðga skuldbindingu af félagi sem var að stórum hluta í eigu Björgólfs Guðmundssonar. Þá liggur fyrir að félagið Givenshire Equities S.á.r.l. (sem var í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar og átti hluti hans í Samson eignarhaldsfélagi ehf.) gaf út ábyrgð þann 30. september 2008 til tryggingar skuldbindingum Björgólfs Guðmundssonar og FG við Landsbanka Íslands. Samkvæmt þessu liggur fyrir að þeir feðgar höfðu sameiginlega hagsmuni í FG og Eimskipum.

Í aprilmánuði 2005 hóf Fjármálaeftirlitið könnun á áhættumati hjá Landsbanka Íslands. Niðurstöður af þessari könnun sendi Fjármálaeftirlitið til bankans með bréfi dags. 22. mars 2007. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við það hvernig bankinn túlkaði reglur um tengda aðila. Fram kemur í skýrslunni að áhættuskuldbindingar tengdar Björgólfi Thor Björgólfssyni hafi verið u.þ.b. 50% á þeim tíma sem úttektin fór fram og því langt yfir þeim 25% mörkum sem lögin heimila. Taldi Fjármálaeftirlitið að tengja bæri Actavis Group hf. við Björgólf Thor Björgólfsson þar sem hann átti 38,84% hluti í því félagi beint og að tengdir aðilar eins og Landsbanki Íslands og Burðarás hf. héldu á 8,5% hlut. Þá var á það bent að Björgólfur Thor væri stjórnarformaður og hefði raunveruleg yfirráð yfir félaginu. Þrátt fyrir þessar athugasemdir hélt bankinn uppteknum hætti og tengdi þessa aðila ekki saman í skýrslum um stórar áhættur. Áfram voru áhættuskuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar og Actavis Group hf. langt yfir 25% mörkunum.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi aðra athugun á útlánaáhættu Landsbanka Íslands í septembermánuði 2007. Í framhaldi af athuguninni, eða þann 20. febrúar 2008, sendi Fjármálaeftirlitið skýrslu með niðurstöðum úr athuguninni til bankans. Í kafla 3.4 í skýrslunni er fjallað um stórar áhættuskuldbindingar bankans. Á bls. 17 í skýrslunni koma fram athugasemdir við reglur bankans um stórar áhættur. Í umfjöllun í skýrslunni um stórar áhættuskuldbindingar á bls. 17 og 18 segir að í skýrslugjöf bankans hafi útlánaáhættur sem tengdust Björgólfi Thor Björgólfssyni verið vantaldar þrátt fyrir athugasemdir Fjármálaeftirlitsins á árinu 2007. Fram kemur í skýrslunni að hækka beri áhættuskuldbindingar Björgólfs Thors Björgólfssonar og tengdra aðila úr 16,1% í 42,1% af eiginfjárgrunni bankans. Segir í skýrslunni að þessi áhætta sé „langt fram yfir leyfilegt hámark“.

Landsbanki Íslands hafði sett sérstakar reglur um stórar áhættuskuldbindingar sem voru skv. 1. gr. reglnanna til fyllingar reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum, sjá hér dómskjal nr. 39. Í 6. gr. reglnanna er að finna skilgreiningu á fjárhagslega tengdum aðilum og þær viðmiðanir sem leggja ber til grundvallar við mat á því hvort aðilar teljist tengdir í þessum skilningi. Ljóst er að skv. þessum viðmiðunum átti að tengja þá feðga og þau félög sem þeim tengdust sem sameiginlega áhættu. Skv. reglunum þá átti, við mat á því hvort fjárhagslegir

erfiðleikar eins aðila gæti leitt til greiðsluferfileika annars, m.a. að horfa til:

„c) Hvort félög hafi sama eignarhald, sameiginlega stjórn eða framkvæmdastjórn með beinum eða óbeinum hætti.

d) Hvort viðskiptamenn séu í verulegum ábyrgðum og/eða gagnábyrgðum við aðra viðskiptamenn.

e) Hvort mikil viðskipti eða gagnkvæmt viðskiptasamband sé til staðar þannig að viðskiptamenn teljast verulega háðir hvor/hverjum öðrum og tengslin verða ekki slitin með skjótum hætti, eða þannig að verulegt tjón hljóti af.“.

Fram kemur í reglunum að líta þurfi til fjölskyldutengsla við mat á fjárhagslegum tengingum. Þá kemur fram í reglunum að við mat á fjárhagslegum tengslum skuli „gæta varfærnis- og áhættustýringarsjónarmiða“.

Ljóst er að vegna sameiginlegs eignarhalds á Landsbanka Íslands og Straumi, annarra sameiginlegra hagsmuna í fjárfestingum/skuldbindingum og fjölskyldutengsla, voru verulegar líkur á því að fjárhagserfiðleikar annars feðganna myndu leiða til fjárhagserfiðleika hins. Þetta kom skýrt fram í september 2008 en þá hafði sameiginlegt félag þeirra (Samson eignarhaldfélag ehf.) yfirtekið kröfur Landsbanka Íslands á Jointrace Ltd. sem var með ábyrgð Eimskipa og Björgólfur Thor Björgólfsson í raun lagt eignarhlut sinn í Samson eignarhaldsfélagi ehf. til tryggingar skuldbindingum FG með því að láta Givenshire Equities Ltd., sem var eignarhaldsfélag Björgólfs Thors um eignarhlutinn í Samson eignarhaldsfélagi, ganga í sjálfskuldaábyrgð á skuldbindingum FG. Feðgarnir urðu báðir ógjaldfærir við hrun íslensku bankanna. Bú Björgólfs Guðmundssonar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta og Björgólfur Thor Björgólfsson gerði skuldaskilaskilninga við lánardrottna sína og sinna félaga.

Þá liggur fyrir að tengsl Björgólfs Thors Björgólfssonar við Straum voru með svipuðum hætti og tengsl hans voru við Actavis Group hf. Hann réði yfir ráðandi hlut í Straumi ásamt föður sínum auk þess sem hann var stjórnarformaður Straums. Eins og áður sagði hafði Fjármálaeftirlitið, í skýrslu sinni frá því þann 20. febrúar 2008, gert harðorðar athugasemdir við að Landsbanki Íslands hafi ekki tengt Actavis Group við áhættur Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Helstu eignir FG þegar vanskil urðu á lánum félagsins í júnimánuði 2008 voru hlutabréf í Eimskipum og Icelandic Group. FG var annar af stærstu eigendum Eimskipa (33,15%) og stærsti hluthafinn í Icelandic Group (28,55%). Hlutabréf beggja félaganna voru skráð í kauphöll og eignarhald að hluta til dreift og óvirkt. Þá átti FG breytanlegt víkjandi skuldabréf að fjárhæð kr. 4.511.905.000,- á hendur Icelandic Group sem unnt var að breyta í hlutafé. Landsbanki Íslands hafði raunar lánað FG fjármuni þann 19. maí 2008 svo FG gæti lánað þá sem breytanlegt víkjandi lán til Icelandic Group. Kom þessi lánveiting í stað hlutfjárhækkunar sem hafði verið fyrirhuguð hjá félaginu. Þýddi þetta í raun að FG hafði í raun yfirráð yfir félaginu og gat eignast meirihluta hlutafjár þess. Bæði þessi félög voru mjög illa stödd fjárhagslega á þessum tíma og ljóst að Landsbanki Íslands, sem var undir yfirráðum þeirra feðga, hafði mikið um framhald á starfsemi félaganna að segja þar sem hann var stór lánveitandi. Rétt var því að tengja þessi félög við áhættur þeirra feðga.

5. Starfsreglur bankaráðs og verksvið bankastjóra.

Um verkaskiptingu á milli bankaráðs og bankastjóra fer skv. hfl., sbr. ákvæði 54. gr. ffl. Til fyllingar þeim reglum gilda starfsreglur sem bankaráð (félagstjórn) setur skv. 5. mgr. 70. gr. hfl.

Bankaráð Landsbanka Íslands setti sér starfsreglur þann 29. júlí 2004 sem síðast var breytt á fundi bankaráðs þann 25. janúar

2007. Í reglunum eru settar fram nokkuð ítarlegar reglur og viðmið um starfsemi bankaráðsins. Rétt er að vekja athygli á nokkrum atriðum í starfsreglunum.

Skv. 9. grein í reglum bankaráðsins er hlutverk þess tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur það umsjónar- og eftirlitshlutverk með starfsemi bankans og að hann starfi skv. lögum, reglum og samþykktum, sbr. gr. 9.1. Í öðru lagi tekur bankaráðið ákvarðanir um óvenjulegar og mikilsháttar ráðstafanir, sbr. gr. 9.2.

Samkvæmt grein 2.2. í reglunum skulu erindi bankastjórna til bankaráðs sett fram með minnisblaði þar sem fram kemur tillaga hennar um ákvörðun í málinu. Fjallað er ítarlega um hagsmunatengsl í grein 7. í reglunum. Þar kemur fram að bankaráðsmenn megi ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignarhluta í, sitja í stjórn, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Í grein 7.5. í reglunum kemur fram að bankaráð taki ákvarðanir um öll viðskiptaerindi bankaráðsmanna eða fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir ef heildaráhættan er yfir ákveðnum mörkum. Ef viðskiptaerindi þessara aðila eru flókin og umfangsmikil en undir fjárhæðarmörkum skal einnig leggja þau fyrir bankaráðið.

Samkvæmt grein 8.1. í reglunum þarf atbeina beggja bankastjóra til að nýta heimildir eða taka ákvarðanir sem bankastjórn er ábyrg fyrir eða tekur ákvörðun um. Óvenjulegar og mikilsháttar ráðstafanir eru ekki á valdsviði bankastjórna heldur bankaráðs skv. grein 8.2. og 9.2. í reglunum. Þá er að finna í 12. gr. reglnanna ítarlega upptalningu á þeim upplýsingum sem bankastjórn átti að leggja fyrir bankaráð með reglubundnum hætti.

Bankaráð Landsbanka Íslands setti að auki „Almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs Landsbankans Íslands hf.“ sjá hér dómsskjal nr. 40. Í reglunum kemur fram að bankastjórn beri ábyrgð gagnvart bankaráði á útlánum bankans og ábyrgðum svo og öðrum áhættuþáttum. Þar kemur einnig fram að bankastjórnar skuli setja ítarlegar útlánareglur um framkvæmd lánveitinga og ábyrgða.

Bankastjórnar eru framkvæmdastjórnar bankans skv. hlutfélagalögum og bera þeir ábyrgð á daglegum rekstri bankans skv. 68. gr. laganna. Þá ber þeim að fylgja stefnu stjórnar og fyrirmælum. Samkvæmt þessu bera bankastjórnar ábyrgð á útlánum bankans og að skipulag og eftirlit með útlánastarfseminni sé í lagi. Bankastjórnar fara með ákvörðunarvald sameiginlega skv. starfsreglum bankaráðs og ber að leggja fyrir bankaráð þau málefni sem bankaráðið þarf að taka ákvarðanir um með sérstöku minnisblaði. Bankastjórnar eru samkvæmt þessu ábyrgir fyrir því að leggja fyrir bankaráðið erindi um lánveitingar til bankaráðsmanna og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir.

Næstu undirmenn bankastjóra voru framkvæmdastjórnar ýmissa sviða í bankanum, t.d. framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Framkvæmdastjórnar höfðu umfangsmiklar heimildir til ákvarðanatöku um daglegan rekstur á sínum sviðum. Fyrirtækjasvið Landsbanka Íslands hafði með höndum framkvæmd, skipulag og eftirlit með lánveitingum til allra stærri viðskiptamanna bankans, þ.m.t. lánveitingum til FG og Björgólfs Guðmundssonar. Framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs sem er undirmaður bankastjóra ber að leggja fyrir lánanefnd, og þar með bankastjórnana, allar stærri lánveitingar til viðskiptamanna.

6. Útlánareglur Landsbanka Íslands hf.

Í ágústmánuði 2008 voru settar nýjar útlánareglur fyrir Landsbanka Íslands sem leystu af hólmi eldri útlánareglur frá nóvember 2003.

Meginefni útlánareglna frá nóvember 200,3 sjá dómskjal nr. 37. Skv. 4. mgr. greinar 6.1. í útlánareglunum skyldi við allar stærri/áhættumeiri/flóknari lánveitingar til rekstraraðila liggja fyrir skrifleg úttekt á fjárhags- og tryggingarstöðu ásamt rökstuddri niðurstöðu.

Skv. grein 1.8. í útlánareglunum bar að fara með skuldbreytingar sem nýja lánveitingu. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að skuldbreytingar skuli ávallt fá ítarlega umfjöllun þar sem greiðslugeta, tryggingar og heildarskuldir eru kannaðar til hlítar. Þá kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að bankinn skuli við skuldbreytingar reyna að bæta tryggingarstöðu sína. Í 5. mgr. greinarinnar segir að ef við mat á greiðslugetu skuldara komi í ljós að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar með eðlilegum lánstíma og kjörum beri að synja skuldbreytingu og skuldir settar í lögfræðilega innheimtu.

Í grein 4.2. í reglunum segir að bankaráð setji almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir að fenginni umsögn bankastjóra og að meiriháttar lánveitingar til bankaráðsmanna og aðila tengdum þeim fari skv. starfsreglum bankaráðs.

Skv. grein 4.8. í reglunum tekur lánanefnd ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir annarra skv. reglunum. Lánanefndina skipa bankastjórar. Skv. reglu 4.8.2. í reglunum þarf gild samþykkt lánanefndar að vera undirrituð af tveimur bankastjórum eða bankastjóra og tveimur framkvæmdastjórum. Þá segir í ákvæðinu að meiriháttar útlánaákvæðanir skuli almennt ekki samþykktar á milli funda.

Meginefni útlánareglna frá ágúst 2008, sjá dómskjal nr. 38.

Hinar nýju útlánareglur voru í helstu efnisatriðum í samræmi við eldri reglurnar og þá framkvæmd sem hafði verið innan bankans. Í inngangsorðum nýju reglnanna segir að þeim sé ætlað að setja meginreglur um öll útlán til viðskiptamanna. Í reglunum segir að bankaráðið hafi falið bankastjórn að setja ítarlegar reglur um áhættu- og útlánamál bankans, sjá hér greinar 1.1 og 1.2. í nýju útlánareglunum.

Í 25. gr. hinna nýju reglna eru hlutverk og ábyrgðarsvið einstakra stjórnareininga innan bankans vegna útlána- og áhættumats ítarlega skilgreind.

Samkvæmt grein 25.1. í reglunum bar bankaráð „ábyrgð á stefnumörkun á áhættu- og útlánareglum bankans. Bankaráðið staðfestir tillögur bankastjórnar um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans, þ.m.t. áhættustýringar og hefur með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans. Ráðið tekur einnig ákvarðanir um meiriháttar lánveitingar til bankaráðsmanna eða fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir.“

Hlutverk bankastjórnar var skv. grein 25.2. í reglunum þríþætt:

1. Að bera ábyrgð á daglegum rekstri og sjá um að bankinn væri rekinn í samræmi við lög og reglur svo og ákvarðanir og samþykktir bankaráðs.

2. Ákveða stjórnskipulag bankans, þ.m.t. við áhættustjórnun og lánveitingar og nota vettvang lánanefndar til ákvarðanatöku um mál sem varða útlánaáhættu og lánamál.

3. Setja ítarlegar áhættureglur til að tryggja fjárhagslegan stöðugleika samstæðunnar. Til að aðstoða við þetta verkefni skyldi bankastjórn skipa sérstaka áhættunefnd.

Lánanefnd var æðsta vald í útlánamálum bankans skv. grein 25.3. í reglunum og ákvað útlánaheimildir starfsmanna á fyrirtækjasviði og útibússtjóra. Lánanefndina skipuðu samkvæmt nýju reglunum bankastjórnarnir Sigurjón Þ. Arnason og Halldór J. Kristjánsson og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Sigríður Elín Sigfúsdóttir. Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hafði ekki áður átt sæti í lánanefndinni. Fundi nefndarinnar sátu að auki ýmsir aðilar á fyrirtækjasviði sem komu að útlánamálum. Samkvæmt ákvæði greinar 25.3. í reglunum var hlutverk nefndarinnar þríþætt:

1. Að taka ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram

útlánaheimildir annarra aðila innan bankans.

2. Að veita tilteknum aðilum innan bankans útlánaheimildir.

3. Að hafa eftirlit með stærstu áhættum í samstæðu bankans.

Lánanefndinni bar að fjalla reglulega um stöðu og þróun útlána, meta áhættustig útlánasafnsins og taka ákvarðanir og setja viðmið um áhættustig.

Í reglunum er hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra innan bankans, starfsmanna fyrirtækjasviðs og umsjónarmanna fyrirtækja (viðskiptastjóra) einnig skilgreind. Samkvæmt grein 2.6 í reglunum byggir útlánakerfið á þeirri meginhugsun að útlánavald og ábyrgð fari saman. Þeir starfsmenn sem hafa beinar útlánaheimildir bera ábyrgð á því að vinnubrögð við lánveitingar séu í samræmi við útlánamarkmið og útlánareglur bankans á hverjum tíma. Því meiri sem áhættan er því herra þarf að sækja útlánaheimild og fleiri aðilar koma að ákvarðanatökunni auk þess sem vanda ber áhættumat og undirbúning betur í þeim tilvikum. Í útlánareglunum er að finna ítarlegar reglur um undirbúning, framkvæmd, tryggingar og ákvarðanatöku útlána bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Í reglunum eru tilteknum aðilum veittar heimildir til útlána. Sú lánveiting sem er til umfjöllunar í dómsmáli þessu er yfir þeim heimildum og því á ábyrgðarsviði lánanefndar og bankaráðs þar sem um tengdan aðila var að ræða.

Í 16. grein útlánareglanna er fjallað nánar um lánanefndina. Þar kemur m.a. fram að nefndin skuli að jafnaði funda vikulega. Skv. grein 16.3. í reglunum þarf samþykki beggja bankastjóra fyrir samþykktum og fundargerðum lánanefndar. Í fjarveru annars bankastjórans undirritar staðgengill bankastjóra og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs samþykktir og fundagerðir. Í fjarveru annars bankastjórans og staðgengils undirrita bankastjóri og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs framangreind skjöl. Í grein 16.4. í útlánareglunum er tekið fram að heimilt sé að samþykkja lánveitingar á milli funda og að þá gildi sömu undirskriftarreglur og á fundum nefndarinnar. Þá eru framkvæmdastjórar fyrirtækjasviðs veittar tilteknar heimildir til útlánaákvæðana utan funda. Í greininni kemur einnig fram að ákvarðanir sem teknar eru á milli funda skuli staðfestar á næsta fundi lánanefndar.

Vakin er athygli á að í 17. gr. útlánareglanna eru ítarlegar reglur um það hvernig standa beri að afgreiðslu á umsóknum um lán auk þess sem settar voru ýmsar verklagsreglur í bankanum um framkvæmd lánveitinga.

7. Erfiðleikar á fjármálamarkaði frá miðju ári 2007.

Upp úr miðju ári 2007 hófst lausafjárkreppa á fjármálamörkuðum í heiminum. Upphaf þessarar kreppu má rekja til þess að svokölluð undirmálslán til fasteignakaupa í Bandaríkjunum voru talin mun minna virði en áður hafði verið talið. Á árinu 2008 fór ástandið á erlendum og íslenskum fjármálamörkuðum versnandi og var staða Landsbanka Íslands og flestra annarra íslenskra fjármálafyrirtækja orðin mjög alvarleg sökum hinnar alþjóðlegu lausafjárkreppu.

Vegna þessara erfiðleika á fjármálamörkuðum var sú stefna mörkuð hjá Landsbanka Íslands á haustmánuðum 2007 að draga úr útlánum eins og unnt væri og veita ekki ný lán nema nauðsynlegt væri til þess að bjarga hagsmunum bankans.

Fjármálakreppan og sú efnahagslæð sem henni fylgdi hafði haft mikil áhrif á íslensk fjármálafyrirtæki og raunar flest önnur fyrirtæki. Erfiðlega gekk að fá fjármögnun og rekstrarskilyrði versnuðu vegna minnkandi eftirspurnar. Fjárfestingar Eimskipa og Icelandic Group (sem voru helstu eignir FG) í öðrum fyrirtækjum höfðu reynst þeim þungar í skauti og ekki skilað þeim rekstrarlega ávinningi sem að var stefnt. Verulegt rekstartap var af starfsemi þessara félaga bæði árið 2007 og á fyrri hluta ársins 2008 eins og síðar verður vikið að. Aðgengi að

nýju hlutafé var ekki mögulegt vegna fjármálakreppunnar og því erfitt fyrir fyrirtækin að mæta skuldbindingum sínum. Eimskip, Icelandic Group og FG voru ógjaldfær á fyrri hluta árs 2008.

8. Lánveitingar Landsbanka Íslands til Fjárfestingarfélagssins Grettis

Þann 26. júní 2007 veitti Landsbanki Íslands FG lán að fjárhæð kr. 17.000.000.000 í formi viðskiptasamnings um reikningslánalínu (lán nr. 8437). Lánsfjárhæðin rann til greiðslu á eldri lánum Landsbanka Íslands til FG. Gildistími eða gjalddagi reikningslánalínunnar var til 18. desember 2007. Samkvæmt ákvæðum greinar 21.1. í lánasamningnum skyldi til tryggingar láninu verða „núverandi allsherjarveð tryggð með veði í ýmsum eignum lántaka“. Í tengslum við lánveitingu þessa gaf KB Luxembourg þann 27. júní 2007 út bankaábyrgð að fjárhæð kr. 17.000.000.000 til tryggingar á öllum skuldbindingum FG hjá Landsbanka Íslands. Skyldi ábyrgðin gilda í sex mánuði frá útgáfudegi og var heimilt að framlengja ábyrgðina í aðra sex mánuði með skriflegu samþykki KB Luxembourg. Á þessum tíma var FG með nokkur önnur lán hjá Landsbanka Íslands en framangreinda reikningslánalínu og tók ábyrgðin einnig til allra þeirra lána.

Af fundargerðum bankaráðs Landsbanka Íslands er ekki að sjá að fjallað hafi verið um þessar lánveitingar til FG fyrirfram þótt félagið væri í eigu formanns bankaráðsins og félaga í hans eigu. Með viðauka við lánasamninginn þann 27. desember 2007 var reikningslánalínan framlengd um 6 mánuði, þ.e. til 18. júní 2008 auk þess sem hún var hækkuð úr kr. 17.000.000.000 í kr. 18.471.904.917.

Samkvæmt áritun á lánabeiðni þann 27. desember 2007 var samþykkt framlenging á láninu í 6 mánuði til viðbótar með tilvísun í samþykkt bankaráðs þann 21. desember 2007. Af fundargerð bankaráðs þann dag er ekki að sjá að málið hafi verið á dagskrá. Á fundi bankaráðs þann 28. janúar 2008 kemur hins vegar fram að samþykkt var að framlengja lán til FG. Þann 27. desember 2007 endurnýjaði KB Luxembourg umrædda bankaábyrgð til sex mánaða eða til 27. júní 2008 og var hún jafnframt hækkuð í kr. 18.000.000.000.

Lánið féll eins og áður sagði í gjalddaga þann 18. júní 2008 og var í vanskilum til 5. september 2008 þegar bankaráð Landsbanka Íslands samþykkti framlengingu á láninu.

Þann 25. júlí 2008 var hins vegar gerður samningur við FG um að Landsbanki Íslands myndi veita félaginu lán að fjárhæð EUR 88.769.245,80 og kr. 6.762.701.174 eða samtals að jafnvirði kr. 18.400.000.000 (lán nr. 11906). Samkvæmt samningnum átti lánið að fara í að greiða niður að fullu eftirstöðvar áðurgreinds láns nr. 8437 sem upphaflega var, eins og áður segir, veitt þann 26. júní 2007. Gjaldtagi þessa nýja láns var 2. janúar 2009. Lánið var tryggt með sjálfskuldarábyrgð Björgólfs Guðmundssonar. Sjálfskuldarábyrgð Björgólfs var skilyrt, en hún átti eingöngu að taka gildi ef KB Luxembourg myndi ekki gefa út nýja ábyrgð til tryggingar lánasamningnum.

Þennan sama dag var undirritaður lánasamningur milli Landsbanka Íslands og Grettis eignarhaldsfélags ehf. (GE) um að bankinn myndi veita félaginu fjölmyntalán að andvirði kr. 17.416.000.000 (lán nr. 11905). Þetta félag var einnig í eigu Björgólfs Guðmundssonar í gegnum eignarhaldsfélag í hans eigu. GE var stofnað til þess að taka yfir allar eignir FG nema hlutabréfin í Eimskipum og hluta af skuldum FG. Lán nr. 11905 fór í að greiða niður lán FG hjá LBI nr. 3184, nr. 3781 og að hluta lán nr. 8437. Auk þess fór lánið í að greiða niður yfirdrátt félagsins hjá Landsbankanum í Lúxemborg að jafnvirði u.þ.b. kr. 2.600.000.000 í krónum, evrum og bandarískum dollurum.

Þegar lánasamningarnir voru undirritaðir lá hvorki fyrir

samþykki bankaráðs né lánanefndar fyrir þessum framlengingum á lánunum.

Að sögn stefndu Sigurjóns Þ. Árnasonar fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands og Sigríðar Elínar Sigfúsdóttur fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisviðs Landsbanka Íslands hafði Sigurjón rætt við Hreiðar Má Sigurðsson bankastjóra Kaupþings banka hf. um framlengingu á bankaábyrgðinni. Fram kom í samtali þeirra að KB Luxembourg væri tilbúið til að framlengja ábyrgðina ef unnt yrði að setja frekari tryggingar fyrir henni.

Með tölvupósti þann 27. júlí 2008 lýsti Bjarki H. Diego framkvæmdastjóri útlána hjá Kaupþingi banka hf. að bankaábyrgðin hefði verið framlengd til 10. ágúst 2008 og að Kaupþing væri reiðubúið að framlengja hana til 5. janúar 2009 þegar búið væri að ganga frá tryggingum fyrir umræddri skuldbindingu sem bankinn taldi fullnægjandi. Fyrir liggur að ekki varð um frekari framlengingar á ábyrgðinni að ræða.

Innan Landsbanka Íslands var ekki fjallað um lánveitingarnar (framlengingarnar) með formlegum hætti fyrr en á fundi bankaráðs Landsbanka Íslands sem fram fór þann 5. september 2008 eða um tveimur og hálfum mánuði eftir að vanskil urðu og upphaflega ábyrgðin féll. Í sérstakri bókun bankaráðs frá fundinum, sem fjallaði m.a. um lánveitingar til Grettisfélaganna, kom fram að til tryggingar láni nr. 11906 til FG hafi verið sett skilyrt sjálfskuldarábyrgð Björgólfs Guðmundssonar og að áformað væri að fá bankaábyrgð frá KB Luxembourg að fjárhæð ISK 18.000.000.000 til tryggingar láninu. Virðist sem bankaráðið hafi ekki verið upplýst um að ábyrgð KB Luxembourg hafi fallið niður vegna vanrækslu á innheimtu hennar. Bankaráðið samþykkti framlengingu lána FG og yfirtöku GE á hluta af lánum FG á fundinum. Í drögum að fundargerð fyrir lánanefndar fund sem halda átt þann 8. október 2008 eru framangreindar lánveitingar nefndar undir liðnum mál samþykkt utan funda.

9. Efnahagur Fjárfestingarfélagssins Grettis á árinu 2008.

Helstu eignir FG þegar vanskil urðu á lánum félagsins í júnímánuði 2008 voru hlutabréf í Eimskipum og Icelandic Group Þá átti félagið breytanlegt víkjandi skuldabréf að fjárhæð kr. 4.511.905.000,- á hendur Icelandic Group sem unnt var að breyta í hlutafé. Landsbanki Íslands hafði raunar lánað FG fjármuni þann 19. maí 2008 svo FG gæti lánað þá sem breytanlegt víkjandi lán til Icelandic Group. FG var annar af stærstu eigendum Eimskipa (33,15%) og stærsti hluthafinn í Icelandic Group (28,55%). Hlutabréf beggja félaganna voru skráð í kauphöll.

a) Efnahagur og rekstur Eimskipa.

Á árinu 2007 fór gengi hlutabréfa í Eimskip í Kauphöllinni hækkandi og var hæsta gengi félagsins 42,5 þann 26. október 2007. Eftir það fór gengið lækkandi og í lok árs 2007 var gengið orðið 34,70. Tap Flugfélagsins Atlanta ehf. á árinu 2007, sem var í eigu Eimskipa, hafði neikvæð áhrif á afkomu Eimskipa og var helsta ástæða þess að félagið skilaði EUR 9.000.000 tapi á árinu 2007.

Á árinu 2008 fór gengi hlutabréfa Eimskipa stöðugt lækkandi. Skráð gengi í kauphöll þann 18. júní 2008, þegar lán nr. 8437 var á gjalddaga, var 14,35 eða um þriðjungur af hæsta verði á hlutabréfum félagsins um haustið 2007. Frá þeim degi var gengi hlutabréfanna nokkuð stöðugt og þann 25. júlí 2008, þegar lánasamningar nr. 11905 og nr. 11906 voru gerðir, var gengið 14,25. Efnahagur og rekstur Eimskipa var mjög slæmur á árinu 2008. Helstu ástæðurnar voru í fyrsta lagi að óljóst var hvort lánsábyrgð sem félagið hafði veitt kaupendum félagsins XL Leisure Group Ltd. að fjárhæð USD 280.000.000 myndi falla á Eimskip. Þann 3. mars 2008 framlengdi Eimskip lánsábyrgð

sem hafði verið veitt til XL Leisure Group þar sem markaðsaðstæður voru erfiðar og XL Leisure Group hafði ekki náð að endurfjármagna sig. Framlengingin var til 5. maí 2008. XL Leisure Group varð gjaldþrota þann 12. september 2008 og reyndi þá á umrædda ábyrgð sem hafði verið yfirtekin af Samson. Í öðru lagi gekk rekstur Eimskipasamstæðunnar erfiðlega á árinu 2008 vegna taps á ýmsum þáttum starfseminnar. Í afkomutilkynningu frá 19. júní 2008 kom fram að félagið hafði tapað EUR 101.000.000 á síðasta ársfjórðungi. Heildartap félagsins á árinu 2008 var um EUR 648.000.000.

Í kjölfar ógjaldfærni Eimskipa á árinu 2008 leitaði félagið nauðasamnings við kröfuhafa sína. Við ógjaldfærni Eimskipa og nauðasamninginn varð hlutafé í Eimskipum einskis virði. Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti nauðasamning á milli félagsins og kröfuhafa þess þann 28. ágúst 2009.

b) Efnahagur og rekstur Icelandic Group.

Þegar vanskil urðu á lánum FG í júnímánuði 2008 var fjárhagsleg staða Icelandic Group hf. verulega veik. Félagið hafði skilað tapi á árinu 2006. Á árinu 2007 tapaði félagið EUR 27.300.000 og þar af EUR 27.000.000 á síðasta ársfjórðungi ársins. Hlutabréf félagsins voru skráð í kauphöllinni og hafði gengi hlutabréfa í félaginu fallið á árinu 2007 úr 7,60 niður í 5,17. Gengið hrapaði á fyrstu mánuðum ársins 2008 og var komið niður í 1,81 þann 1. apríl 2008. Að beiðni félagsins voru hlutabréf þess skráð af kauphallarmarkaði þann 16. júní 2008 en þá var gengi bréfanna 1,0. Meginástæðan fyrir slæmu gengi samstæðunnar á árinu 2007 og 2008 var almennur samdráttur í sölu. Ljóst var á þessum tímamarki að félagið var ógjaldfært og að hlutafé þess var einskis virði.

c) Eigið fé og gjaldfærni Fjárfestingarfélagssins Grettis í júní 2008.

Samkvæmt ársreikningi FG fyrir árið 2007 voru eignir félagsins samtals kr. 30.805.213.000, skuldir kr. 28.586.211.000 og eigið fé félagsins kr. 2.927.050.000. Athygli er vakin á því að fjárhæð eigin fjár stemmir ekki við stöðu eigna og skulda í ársreikningnum því mismunur eigna og skulda er kr. 2.219.002.000. Samkvæmt greinargerð með lánsbeiðnum fyrir framlengingu lána þann 25. júlí 2008 námu heildarskuldbindingar FG við Landsbanka Íslands kr. 41.669.766.000 þann dag. Þótt frá þeirri fjárhæð sé dregið nýtt lán til FG vegna Icelandic Group sem nam u.þ.b. 4.500.000.000,- og verðmæti eigna á móti því láni er ljóst að skuldir félagsins voru á þessum tíma talsvert samær en eignir. Þegar að auki er reiknuð inn lækkun eigna FG vegna lækkunar á verði hlutabréfa í Eimskipum og Icelandic Group er ljóst að FG var ógjaldfært þegar í júnímánuði 2008. Í raun var hlutafé félagsins bæði í Icelandic Group og Eimskipum verðlaust á þessum tíma. Félagið gat á þeim tíma ekki greitt skuldir sínar og skuldirnar voru umtalsvert hærri en eignir. Samkvæmt hálfársuppgjöri FG miðað 30. júní 2008 var eigið fé FG neikvætt um a.m.k. kr. 19.443.009.000.

Bú FG og EG voru tekin til gjaldþrotaskipta þann 7. maí 2009. Samkvæmt kröfuskrá í þessum búum voru lýstar kröfur í bú FG kr. 33.514.368.785 og í bú EG kr. 33.797.614.899. Samkvæmt upplýsingum frá skiptastjórnunum í þrotabúunum verða endurheimtur í þeim búum sameiginlega líklega ekki hærri en kr. 733 milljónir eða u.þ.b. 1% af fjárhæð krafna í búið.

d) Gjaldfærni Björgólfs Guðmundssonar.

Helstu eignir Björgólfs Guðmundssonar utan eigna í Grettisfélögunum voru hlutabréfaeign í Landsbanka Íslands, Straumi-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. og Hansa ehf. Í beiðni Björgólfs um að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta dags. 31. júlí 2009 kemur fram að hann hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgðir alls að fjárhæð u.þ.b. kr. 96.000.000.000 vegna lána til félaga sem voru í hans eigu. Bú Björgólfs

Guðmundssonar var tekið til gjaldþrotaskipta þann 31. júlí 2009. Samkvæmt kröfuskrá í bú Björgólfs var heildarfjárhæð krafna kr. 101.386.868.507. Inní þá fjárhæð vantar kröfu Landsbankans í Luxembourg sem ekki var lýst í búið. Samkvæmt upplýsingum frá Sveini Sveinssyni hrl. skiptastjóra búsins verða endurheimtur í búinu ekki hærri en EUR 4 milljónir sem samsvara kr. 660 milljónum miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 1.6.2011 eða u.þ.b. 0,65% af fjárhæð krafna í búið.

Ljóst er að miðað við stöðu FG og þeirra erfiðleika sem stöðjuðu að rekstri fjármálafyrirtækja á Íslandi og þá sérstaklega Landsbanka Íslands hf. og Straumi sem var stór hluti eigna Björgólfs Guðmundssonar að fjárhagur hans var mjög veikur. Fyrir liggur að ef Landsbanki Íslands hefði gengið að ábyrgð Kaupthing Luxembourg vegna skuldbindinga félags í eigu aðaleigenda Landsbanka Íslands hf. hefði verið gengið á eignir sem stöðu til tryggingar skuldbindingu Kaupthing Luxembourg. Óvíst er að eignir hans Björgólfs Guðmundssonar hefðu dugað til að mæta skuldbindingum um mitt ár 2008.

e) Ábyrgð Givenshire Equities S.á.r.l.- endurheimtur

Givenshire Equities Ltd. er nú í slitameðferð skv. lögum í Lúxemborg. Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2008 var megin eign félagsins eignarhlutur í Samson eignhaldfélagi sem nú er gjaldþrota. Samkvæmt ársreikningnum voru eignir félagsins metnar á EUR 1.051.593. Skuldir félagsins voru á sama tíma EUR 138.100.123 auk ábyrgðar vegna FG að fjárhæð kr. 18 milljarðar. Af þessu er ljóst að endurheimtur úr búinu verða innan við 1% af kröfum.

10. Ábyrgðartrygging stjórnenda og aðild váttryggjenda.

Landsbanka Íslands hafði um nokkurt skeið keypt ábyrgðartryggingu fyrir stjórnendur og starfsmenn Landsbanka Íslands í gegnum breska váttryggingamiðlarann Howden Insurance Brokers Ltd. Skv. skilmálum váttryggingarinnar greiða váttryggjendur stjórnendum og starfsmönnum allt tjón sem þeir verða fyrir vegna krafna sem komnar eru til vegna bótaskyldrar háttsemi þeirra (e. wrongful act), sjá hér kafla I, tl. 1) í váttryggingarskilmálum frumtryggingar. Um váttryggingasamninginn gilda íslensk lög, sbr. kafla VII. I í skilmálum frumtryggingar.

Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar tekur hún til krafna sem settar eru fram á gildistíma tryggingar og svokallaðri „discovery period“. Samkvæmt ákvæði H. í skilmálunum um „Previous Directors“ tekur tryggingin til krafna sem settar eru fram allt að 72 mánuði eftir að stjórnendur hafa látið af störfum. Stefnu Sigurjón, Halldór og Sigríður Elin létu af störfum hjá Landsbanka Íslands í október mánuði 2008. Skömmu eftir fall Landsbanka Íslands bárust upplýsingar frá váttryggingamiðlaranum að váttryggjendur væru að kanna hvort tryggingin væri fallin úr gildi á grundvelli ákvæðis í grein B. í kafla 7 í frumtryggingarskilmálum um samruna og kaup á hinu tryggða félagi. Samkvæmt ákvæðinu getur trygging fallið niður ef meira en 50% af hlutafé fyrirtækisins hafi verið selt (ákvæði i) eða meginhluti eigna fyrirtækisins hafi verið seldur (ákvæði iv).

Með bréfi stefnanda þann 5. nóvember 2008 var þessum áformum um niðurfellingu tryggingarinnar mótmælt harðlega á þeim grundvelli að ekki væri heimild til niðurfellingar tryggingarinnar skv. tilvitnuðum ákvæðum í skilmálum. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að ekkert hlutafé hefur verið yfirtekið í stefnanda og að sá tjónsatburður sem mál þetta snýst um átti sér stað áður en bankinn féll. Minnihluti eigna stefnanda voru færðar yfir til Landsbankans hf. (áður NBI hf.) eins og sjá má af uppgjöri Landsbankans hf. (þá NBI hf.) fyrir árið 2008. Í bréfinu var því jafnframt lýst yfir að kröfur kynnu að vera

gerðar á hendur fyrrum stjórnendum og starfsmönnum Landsbanka Íslands sem gætu leitt til krafna úr ábyrgðartryggingunni. Með bréfum dags. 16. og 30. janúar 2009 upplýsti stefnandi um tiltekna kröfur sem komið höfðu fram á hendur honum.

Gildistími ábyrgðartryggingarinnar sem síðast var gefin út var frá 1. febrúar 2008 til 31. janúar 2009. Áður en gildistími tryggingarinnar rann út óskaði stefnandi eftir því að tími til að tilkynna tjón skv. tryggingunni yrði framlengdur (e. Discovery Period) í eitt ár frá lokadegi tryggingarinnar, sbr. kafla III A í tryggingarskilmálunum frumtryggingar.

Vátryggingamiðlarinn Howden staðfesti að umrædd beiðni um framlengingu hefði komið réttilega fram. Stefnandi bauð fram greiðslu fyrir framlenginguna en vátryggjendur hafa ekki samþykkt að taka við greiðslunni og síðar áskilið sér rétt til að hafna því að framlengingin sé gild. Með bréfi lögmanns stefnanda til Howden dags. 22. janúar 2010, áður en framlengdi tilkynningarfresturinn rann út, var vátryggjendum tilkynnt um hugsanlegar kröfur sem kynnu að verða gerðar á hendur fyrrum stjórnendum Landsbanka Íslands. Meðal þeirra bótaskyldu atvika sem tilkynnt var um í bréfinu voru lánveitingar til FG.

Nokkur bréfa- og upplýsingaskipti áttu sér stað á milli stefnanda, vátryggingamiðlarans og vátryggjenda í framhaldinu. Stefnandi hefur haldið vátryggjendum upplýstum um stöðu á hugsanlegum kröfum á hendur féluginu eftir því sem tilefni hefur verið til. Þrátt fyrir itrekaðar óskir stefnanda um að fá skýr svör frá vátryggjendum, um það hvort þeir telji að tryggingin og framlenging hennar hafi verið gild, gekk erfiðlega að fá endanlega afstöðu vátryggjenda.

Með bréfi dags. 1. september 2010 tilkynnti lögmaður hinna stefndu vátryggjenda að þeir áskildu sér rétt til þess að bera því við að tryggingin hafi fallið úr gildi vegna inngríps Fjármálaeftirlitsins og sölu á eignum til Landsbankans hf. (áður NBI hf.). Einnig áskildu þeir sér rétt til að hafna því að framlenging á tilkynningartíma tryggingar væri gild.

Með bréfi dags. 31. desember 2010 sendi lögmaður hinna stefndu vátryggjenda bréf til stefnanda þar sem settar eru fram nýjar ástæður fyrir því að tryggingin sé niður falli. Í bréfinu er byggt á því að þar sem stjórnendur stefnanda hafi við endurnýjun tryggingarinnar, nánar tiltekið þann 9. janúar 2008 þegar umsóknareyðublað var fyllt út, ekki veitt réttar upplýsingar um slæma fjárhagslega stöðu bankans sé ábyrgð vátryggjenda fallin niður. Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings þessum nýju málástæðum vátryggjenda.

Vátryggingin var þrískipt og voru mismunandi vátryggjendur ábyrgir fyrir einstökum hlutum hennar eins og neðan greinir:

Heiti tryggingar	Númer skírteinis	Fjárhæð tryggingar	Vátryggjendur	Hlutdeild í %
Grunntrygging (Primary Layer)	WD 105350 X	GBP 10 milljónir	Brit Insurance Limited	33,33%
			QBE Syndicate 1886	29,17%
			Novae Syndicate 2007	20,83%
			Liberty Mutual Insurance Europe Ltd.	16,67%
Fyrsta viðbótartrygging (First Excess Layer)	WD 105351 X	GBP 15 milljónir	Brit Insurance Limited	36,36%

Önnur viðbótartrygging (Second Excess Layer)	WD 105352 X	GPB 25 milljónir	QBE Syndicate 1886	18,18%
			DR Syndicate 1400	9,09%
			QBE Insurance (Europe) Limited	36,36%
			QBE Insurance (Europe) Limited	60%
			DR Syndicate 1400	20%
			Allianz Global Corporate Specialty AG	20%

Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar er ábyrgð vátryggjenda hlutfallslega skipt (pro rata), þannig að hver vátryggjandi um sig ber ábyrgð á þeirri fjárhæð sem hann hefur skrifað sig fyrir. Á bak við vátryggjendur sem eru tilgreindir sem „Syndicate“ er hópur vátryggjenda sem koma fram sameiginlega undir nöfnum hópanna. Sérhver aðili í hópunum ber fulla ábyrgð gagnvart vátryggðum á skuldbindingu hópsins. Við nöfn stefndu aðila í stefnu þessari er að finna tilvísun í þann hóp sem þeir tilheyra. Þá skal tæma greiðslur úr frumtryggingu áður en kemur að greiðsluskyldu úr fyrstu viðbótartryggingu skv. skilmálum vátryggingarinnar. Greiðsluskylda úr annarri viðbótartryggingu kemur ekki til fyrir en greiðsluskylda skv. frumtryggingu og fyrstu viðbótartryggingu hefur verið tæmd.

11. Kröfubréf stefnanda til stefndu og svör.

Með bréfum dags. 12. nóvember 2010 sendi stefnandi stefndu, Sigurjóni, Halldóri og Sigríði Elínu bréf þar sem gerð var grein fyrir bótaskyldu þeirra. Í framhaldi af því urðu nokkur samskipti á milli aðila og var stefndu m.a. veittur aðgangur að gögnum. Lögmaður stefndu, Sigríðar Elínar, svaraði bréfi stefnanda þann 15. desember 2010 og kom fram í bréfinu að hafnað væri bótaskyldu í málinu. Í bréfinu kemur fram að yfirmaður hennar, stefndi Sigurjón, hafi verið með þetta málefni á sínu borði þar sem um var að ræða málefni formanns bankaráðsins. Þá bendir hún á að Sigurjón hafi rætt við Kaupthing Luxembourg um framlengingu á ábyrgðinni. Stofnaður hafi verið sérstakur vinnuhópur um málið sem vann með Sigurjóni að þessu máli. Sama afstaða kom fram í bréfi lögmanns stefnda, Halldórs, dags. 14. desember 2010. Í bréfinu vísar hann til þess að skv. verkaskiptingu bankastjóra hafi umsjón með útlánamálum verið hjá stefnda Sigurjóni. Stefndi Halldór segist hafa treyst því að starfsmenn sem voru með málið á sinni könnu myndu gæta að innheimtu bankaábyrgðarinnar. Hann hafi ekki samþykkt að ábyrgðin yrði ekki innheimt. Í bréfi lögmanns stefnda, Sigurjóns, sem er dags. 29. nóvember 2010 er vísað til þess að það hafi verið fjöldi starfsmanna í bankanum sem átti að sjá um að samningar væru efndir og að hann bæri ekki húsbóndaábyrgð á störfum þeirra. Afrit af kröfubréfum á hendur bankastjórnunum var sent vátryggingafélögum með bréfi dags. 26. nóvember 2010 fyrir milligöngu Howden Insurance Brokers Ltd.

Þar sem stefndu hafa ekki fallist á greiðsluskyldu og enginn þeirra hefur viðurkennt að hafa tekið ákvörðun um að innheimta ekki umrædda bankatryggingu og/eða bera ábyrgð á þeirri ákvörðun er stefnandi knúinn til að höfða mál þetta á hendur þeim öllum.

Málsástæður:

Saknæmi og ólögmati. Kröfur stefnanda byggja á því að stefndu Sigurjón, Halldór og Sigríður Elín hafi með saknæmum og ólögmatum hætti valdið stefnanda tjóni með því að hlutast ekki til um að innheimta ábyrgð KB Luxembourg á lánveitingum Landsbanka Íslands hf. til FG. Gáleysi þeirra er augljóst þar sem þeim var kunnugt eða mátti vera kunnugt um að FG væri ógjaldfært á þessum tíma.

Hin saknæma háttsemi felst nánar tiltekið í eftirfarandi þáttum:

1. Fyrir liggur að vanskil urðu á láni nr. 8437 til FG þann 18. júní 2008. Vanskilin voru u.þ.b. kr. 18,4 milljarðar. Bankastjórn Landsbanka Íslands og framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs var kunnugt um vanskilin. Við þessar aðstæður lá fyrir ótvíræð skylda á framangreindum aðilum til að grípa til allra þeirra ráðstafana sem mögulegar voru til að innheimta kröfurnar og ganga að þeim ábyrgðum og tryggingum sem unnt var.

2. Þótt annar bankastjóranna hafi rætt um framlengingu ábyrgðarinnar við bankastjóra Kaupþings banka kom ekki skrifleg staðfesting frá KB Luxembourg á framlengingunni áður en hún rann út þann 26. júní 2008. Þá hafði yfirlýsing Bjarka Diego sem sett var fram í tölvupósti þann 27. júlí 2008 takmarkað gildi bæði vegna þess að ekki kom formleg staðfesting á ábyrgðinni frá aðilum sem voru bærir að skuldbinda KB Luxembourg auk þess sem yfirlýsing hans gerði ráð fyrir að ábyrgðin skyldi eingöngu gilda í mjög takmarkaðan tíma eða í 14 daga. Gjald dagar lána samkvæmt lánasamningum voru 2. janúar 2009 og því ljóst að ekki yrðu vanskil á lánum innan tímamarka á framlengingu ábyrgðarinnar. Það er gáleysi að reida sig á umræður um framlengingu á ábyrgð þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi. Góður og gegn bankamaður innheimtir ábyrgð sem sett hefur verið til tryggingar á skuldum félags sem er í vanskilum ef ekki er komin formlega rétt staðfesting á framlengingu ábyrgðarinnar áður en hin eldri fellur úr gildi.

3. Með því að innheimta ekki ábyrgð KB Luxembourg þegar vanskil urðu á láni FG þann 18. júní 2008 og með því að fylgja ekki eftir staðfestingu frá Bjarka Diego fyrir 10. ágúst 2008 hafa bankastjórnar Landsbanka Íslands og framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs sýnt af sér gáleysi sem hefur valdið stefnanda tjóni.

4. Fyrir liggur að FG var ógjaldfært í júnímánuði 2008 þegar lánið féll í gjalddaga og ábyrgð KB Luxembourg rann út. Jafnframt mátti aðilum vera ljóst að fjárhagsstaða Björgólfs Guðmundssonar var mjög veik á þessum tíma. Fullt tilefni var því fyrir stjórnendur bankans að tryggja að gengið yrði að bankaábyrgðinni eða að hún yrði framlengd með formlega réttum hætti og fram yfir gjalddaga hinna framlengdu lána.

5. Þá er það gáleysi að upplýsa ekki bankaráð bankans um stöðu málsins þannig að það gæti gripið til viðeigandi ráðstafana til að tryggja hagsmuni bankans. Stefndu Sigurjóni og Halldóri bar að leggja málið fyrir bankaráð til umfjöllunar þegar fyrir lá að félag formanns bankaráðs Landsbanka Íslands var í stórfelldum vanskilum og að ekki hafði fengist staðfesting á framlengingu á ábyrgðinni. Stefndu létu hjá líða að upplýsa bankaráðið um stöðu málsins og að ábyrgð KB Luxembourg hefði fallið niður.

6. Þar sem ábyrgð KB Luxembourg féll niður án innheimtu hækkuðu áhættuskuldbindingar á hendur Björgólfi Guðmundssyni og tengdum aðilum. Með hinum nýju lánasamningunum og þeirri ákvörðun að innheimta ekki ábyrgðina voru áhættuskuldbindingar Björgólfs Guðmundssonar og tengdra aðila langt yfir leyfilegum mörkum. Reglur 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, reglur LBI og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar brotnar. Af þessum sökum var það brot á

lögum að gera umrædda samninga við Grettisfélögin um framlengingu á lánum. Stjórnendum bankans var skylt að ganga að bankaábyrgðinni eða leggja málið til ákvörðunar fyrir bankaráð.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er á því byggt að bankastjórnir, Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson og Sigríður Elín Sigfúsdóttir framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, hafi sýnt af sér gáleysi með því að ganga ekki að umræddri bankaábyrgð þegar vanskil urðu á láni því sem hún tryggði og með því bakað sér skaðabótaskyldu að óskiptu gagnvart stefnanda á grundvelli almennu skaðabótareglunnar.

Orsakatengsl og sennileg afleiðing. Samkvæmt því sem að ofan er rakið liggur fyrir að hin saknæma og ólögmeta háttsemi leiddi til þess að bankaábyrgð að fjárhæð kr. 18.000.000.000 var ekki innheimt þrátt fyrir vanskil á láni sem hún átti að tryggja. Á þeim tíma lá ljóst fyrir að FG var ógjaldfært og að fjárhagsstaða Björgólfs Guðmundssonar var mjög veik. Þú þessara aðila hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta og er ljóst að endurheimtur úr þeim verða óverulegar. Lítið mun koma úr öðrum tryggingum fyrir lánum. Það liggur því fyrir að athafnaleysi stefndu leiddi til þess að Landsbanka Íslands fékk ekki greiðslu frá KB Luxembourg vegna ábyrgðarinnar sem annars hefði komið til búsins. Hið saknæma athafnaleysi stefndu, að innheimta ekki ábyrgðina, var því nauðsynlegt skilyrði fyrir því að tjónið varð og í öllu falli meðverkandi tjónsorsök.

Þá er tjónið augljóslega sennileg afleiðing af háttseminni þar sem háttsemin var því til þess fallin að auka líkur á því að stefnandi yrði fyrir tjóni.

Tjónið. Leggja verður til grundvallar í máli þessu að ef krafist hefði verið greiðslu á grundvelli bankaábyrgðar KB Luxembourg meðan ábyrgðin var í gildi þá hefði greiðsla á grundvelli hennar borist til Landsbanka Íslands.

Fyrir liggur að endurheimtur úr búi FG og EG verða litlar og í mesta lagi u.þ.b. 1%. Endurheimtur úr búi Björgólfs Guðmundssonar eru áætlaðar 0,65%. Þá liggur fyrir að litlar endurheimtur verða úr búi Givenshire Equities Ltd. og í öllu falli ekki hærri en 1%. Til þess að örugglega sé tekið fullt tillit til frádráttar vegna mögulegra endurheimtna úr búnum er bótafjárhæðin lækkuð um 10% eða úr kr. 18.000.000.000 í kr. 16.200.000.000. Samkvæmt því er bótaskyld tjón að fjárhæð kr. 16.200.000.000 auk vaxta og kostnaðar.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram matsgerð dómkvaddra matsmanna um fjárhæð tjónsins ef varnir gefa tilefni til.

Greiðsluskylda váttryggjenda. Áður hefur verið rakið að stefndu, Sigurjón, Halldór og Sigríður Elín, eru tryggð fyrir tjóni sem þeir hafa valdið í störfum sínum hjá Landsbanka Íslands. Skv. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga getur tjónþoli beint kröfum sínum vegna skaðabóta beint að váttryggjendum í þessu tilviki. Um váttryggingasamninginn gilda íslensk lög, sbr. kafla VII. I í skilmálum frumtryggingar. Kröfur á hendur váttryggjendum byggja á því að ábyrgð þeirra sé hlutfallslega skipt (pro rata) þeirra á milli en óskipt (in solidum) með stefndu, Sigurjóni, Halldóri og Sigríði Elínu allt að þeirri fjárhæð sem hlutur þeirra í tryggingafjárhæðinni er. Þeir aðilar sem standa á baka við svokölluð „Syndicate“ bera solidariska ábyrgð á skuldbindingum viðkomandi hóps váttryggjenda.

Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar er ábyrgð váttryggjenda pro rata þannig að hver váttryggjandi um sig ber ábyrgð á þeirri fjárhæð sem hann hefur skrifað sig fyrir. Lítið er á „Syndicate“ eða hóp váttryggjenda sem einn aðila í þessu samhengi. Þá skal tæma greiðslur úr frumtryggingu áður en kemur að greiðsluskyldu úr fyrstu viðbótartryggingu. Greiðsluskylda úr annarri viðbótartryggingu kemur ekki til fyrir

en greiðsluskylda skv. frumtryggingu og fyrstu viðbótartryggingu hafa verið tæmdar. Þar sem gerð er krafa sem nemur hærri fjárhæð en nemur váttryggingafjárhæðinni skiptist ábyrgð váttryggingdanna með neðangreindum hætti.

Tryggingar tegund	Fjárhæð tryggingar	Váttryggjendur	Hlutdeild í %	Fjárhæð í GBP
Grunntrygging (Primary Layer)	GBP 10 milljónir	Brit Insurance Limited	33,33%	3.333.000
WD 105350 X		QBE Syndicate 1886	29,17%	2.917.000
		Novae Syndicate 2007	20,83%	2.083.000
		Liberty Mutual Insurance Europe Ltd.	16,67%	1.667.000
Fyrsta viðbótartrygging (First Excess Layer)	GPB 15 milljónir	Brit Insurance Limited	36,36%	5.454.000
WD 105351 X		QBE Syndicate 1886	18,18%	2.727.000
		DR Syndicate 1400	9,09%	1.363.500
		QBE Insurance (Europe) Limited	36,36%	5.454.000
Önnur viðbótartrygging (Second Excess Layer)	GPB 25 milljónir	QBE Insurance (Europe) Limited	60%	15.000.000
WD 105352 X		DR Syndicate 1400	20%	5.000.000
		Allianz Global Corporate Specialty AG	20%	5.000.000

Kröfur á hendur váttryggingendum eru gerðar í breskum sterlingspundum þar sem váttryggingarfjárhæðir eru tilgreindar í þeirri mynt.

Kröfur stefnanda á hendur váttryggingdunum byggja á því að skuldbindandi trygging hafi verið í gildi sem bæta á tjón sem fellur á stefndu, Sigurjón, Halldór og Sigríði Elínu, vegna starfa þeirra sem stjórnenda í bankanum. Engar forsendur eru til að líta svo á að tryggingin hafi fallið niður vegna yfirtöku á hlutafé stefnanda eða meirihluta eigna hans. Umrætt ákvæði er sett til þess að tryggingafélög geti tekið afstöðu til þess hvort rétt sé að tryggja starfsemi nýrra eigenda að félagi. Sá tjónsatburður sem um er deilt í þessu máli átti sér stað áður en kom að inngripi Fjármálaeftirlitsins og færslu á eignum til Landsbankans hf. (áður NBI hf.) og á því umrætt ákvæði alls ekki við í þessu tilviki. Þá eru skilyrði ákvæðisins ekki uppfyllt þar sem engin hlutabréf hafa skipt um hendur og að einungis lítill hluti eigna stefnanda fór yfir til Landsbankans hf. (áður NBI hf.).

Fyrir liggur að Howden hefur staðfest að tilkynning með ósk um framlengingu á tilkynningartímanum hafi borist. Samkvæmt ákvæði í kafla VII j. 2 í frumtryggingarskilmálum ber að beina tilkynningum til váttryggingenda til váttryggðarmiðlarans Howden. Undandráttur váttryggingenda á því að viðurkenna réttmæta tilkynningu og neitun váttryggingenda á að taka við greiðslum frá stefnanda getur ekki leitt til þess að framlengingin hafi ekki

öðlast gildi.

Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar tekur hún til krafna sem settar eru fram á gildistíma tryggingar og svokölluðum „discovery period“. Samkvæmt ákvæði H. í skilmálunum um „Previous Directors“ tekur tryggingin til krafna sem settar eru fram allt að 72 mánuði eftir að stjórnendur hafa látið af störfum. Stefndu Sigurjón, Halldór og Sigríður Elín létu af störfum hjá Landsbanka Íslands í október mánuði 2008.

Lagarök: Kröfur stefnanda á hendur stefndu Sigurjóni, Halldóri og Sigríði Elínu byggjast á sakarreglunni og 134. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Um brot á reglum um stórar áhættuskuldbindingar er byggt á 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 216/2007 um stórar áhættuskuldbindingar.

Kröfur á hendur váttryggingendum byggja á 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga.

Krafa um málskostnað byggir stefnandi á ákvæðum XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Mál þetta er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt heimild í 1. mgr. 33. og 42. gr. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði á grundvelli b-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem birting stefnunnar hefur ekki tekist á hendur öllum stefndu.

Skjöl og skýrslur: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram auk stefnu þessarar og skrá yfir framlögð skjöl, ársreikninga, milliuppgjör fyrir Landsbanka Íslands, Samson eignarhaldsfélags og Straum, yfirlit yfir áhættuskuldbindingar Björgólfs Guðmundssonar og tengdra aðila, útlánareglur, reglur um stórar áhættuskuldbindingar, fundagerðir bankaráðs, endurrit af skýrslutökum, váttryggingarsamninga, o.fl.

Þá áskilur stefnandi sér rétt á framlagningu annarra gagna á síðari stigum, þ.m.t. matsgerða, gefi málalíbúnaður stefndu tilefni til.

Vitnaleiðslur o.fl.: Stefnandi áskilur sér rétt til að taka vitna- og aðilaskýrslur við aðalmeðferð málsins af neðangreindum aðilum:

1. Sigurjón Þ. Árnason stefndi.
2. Halldór J. Kristjánsson stefndi.
3. Sigríður Elín Sigfúsdóttir stefndi.
4. Björgólfur Guðmundsson fyrrverandi formaður bankráðs.
5. Kjartan Gunnarsson fyrrverandi varformaður bankaráðs.
6. Andri Sveinsson fyrrverandi bankaráðsmaður.
7. Þorgeir Baldursson fyrrverandi bankaráðsmaður.
8. Svafa Grönfeldt fyrrverandi bankaráðsmaður.
9. Björgólfur Thor Björgólfsson áður stærsti hluthafi Landsbanka Íslands.
10. Árni Þór Þorbjörnsson fyrrverandi lögfræðingur hjá Landsbanka Íslands.
11. Árni Mariásson fyrrverandi viðskiptastjóri hjá Landsbanka Íslands.
12. Aðra þá aðila sem tilefni þykir að leiða sem vitni á síðari stigum málsins.

Þá áskilur stefnandi sér rétt til frekari gagnaöflunar eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til en málið verður nánar reifað og rökstutt við aðalmeðferð.

Almennur áskilnaður: Að svo stöddu þykir ekki ástæða til þess að reifa málið frekar. Áskilin er þó réttur til þess að koma að frekari kröfum, málsástæðum lagarökum og sönnunargögnum á síðari stigum, þar á meðal við aðalmeðferð málsins, ef tilefni

gefist til. Sérstakur áskilnaður er um að koma að frekari gögnum um endurheimtur á hendur öðrum aðilum sem bera ábyrgð á skuldum FG og eftir atvikum matsgerð um tjón stefnanda ef varnir gefa tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með neðangreindum aðilum;

1. Sigurjóni Þ. Árnasyni, kt. 240766-3109, Granaskjólí 28, Reykjavík.
2. Halldóri J. Kristjánssyni, kt. 130155-4569, óstaðsettur í húsi í Kanada.
3. Sigríði Elínu Sigfúsdóttur, kt. 240855-2679, Baugatanga 7, Reykjavík.
4. Dane Jonathan Douetil, 55 Bishopsgate, London, EC2N 3AS, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Brit Insurance Limited, 55 Bishopsgate, London, EC2N 3AS, United Kingdom.
5. Sean Patrick Rocks, 3rd Floor, Minster Court, Mincing Lane, London, EC3R 7YE, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Liberty Mutual Insurance Europe Ltd., (trading as Liberty International Underwriters), 3rd Floor, Minster Court, Mincing Lane, London, EC3R 7YE, United Kingdom.
6. Steven Paul Burns, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd QBE Internatioanl Insurance Ltd., (known as QBE Insurance (Europe) Ltd., Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom.
7. Wolfgang Faden, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd, Allianz Global Corporate & Specialty AG, Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom.
8. Steven Paul Burns, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd QBE Corporate Ltd., Plantation Place, 30 Fenchurch Street, London EC3M 3BD, United Kingdom.
9. Adam Charles Mullan, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Alterra Corporate Capital 2 Limited, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, United Kingdom.
10. Adam Charles Mullan, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Alterra Corporate Capital 3 Limited, 4th Floor, 70 Gracechurch Street, London, EC3V 0XL, United Kingdom.
11. "Peter Kelvin Heginbotham, 6 Jellicoe Towers, 189 The Terrace, Wellington, New Zealand, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Kelvin Underwriting Limited, Fountain House, 130 Fenchurch Street, London EC3M 5DJ United Kingdom.
12. Jeremy Richard Holt Evans, The Mill House, Leavenheath, Suffolk CO6 4PT, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Nameco (No 11) Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom.
13. Jeremy Richard Holt Evans, The Mill House, Leavenheath, Suffolk CO6 4PT, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Nameco (No 231) Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom.
14. Matthew Kailey Fosh, 61 Lansdowne Road, London W11 2LG, United Kingdom framkvæmdastjóra, fyrir hönd Novae Corporate Underwriting Limited, 71 Fenchurch Street, London EC3M 4HH, United Kingdom.
15. Alan Ernest Grant, Crayshott House, Woodlands Road, West Byfleet, Surrey KT14 6JW, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd SCOR Underwriting Limited, 10 Lime Street, London EC3M 7AA, United Kingdom.
16. Patricia Ann Lockhart Smith, The Dover House, Farm

Street, Tintinhull, Somerset BA22 8PZ, United Kingdom, framkvæmdastjóra, fyrir hönd Sorbietrees Underwriting Limited, c/o Nomina Plc, 85 Gracechurch Street, London EC3V 0AA, United Kingdom.

17. Brian John Tutin, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 18. Bridget Anne Carey-Morgan, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 19. Carol Jean Harris, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 20. David John De Marle Coulthard, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 21. Eileen Elsie Hunter, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 22. Gary Frederick Sullivan, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 23. Ian Richard Posgate, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 24. Joseph Elmaleh, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 25. John Leon Gilbart, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 26. Julian Michael West, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 27. Richard Michael Hodgson Read, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom.
 28. Norman Thomas Rea, c/o Lloyd's of London, One Lime Street, London EC3M 7HA, United Kingdom,
- til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður kl. 10, fimmtudaginn 29. september 2011 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Mæti stefndi ekki á dómþingi þessu má hann búaast við að útvistardómur gangi í málinu.
- Stefnufrestur fyrir stefnda Sigurjón Þ. Árnason og Sigríði Elínu Sigfúsdóttur er 3 sólarhringar en fyrir aðra stefndu er hann einn mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2011.

Herdís Hallmarsdóttir hrl.

(2011015062)

Lögbirtingablað,

81. tölublað 2011.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.